

Háskólinn á Bifröst

Þróun mannréttinda í Rússlandi

B.A ritgerð í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir

14. desember 2010

Leiðbeinandi: Jón Ólafsson

Ágrip

Samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eru mannréttindi skilgreind sem „þau grundvallarmannréttindi og það frelsi sem allar manneskjur eiga rétt á.“ Þ.m.t. réttindi til lífs og frelsis, málfrelsi og jafnræði fyrir lögunum. Kommúnistastjórn Sovétríkjanna hafði talsvert aðra sýn á hugtakið mannréttindi heldur en mannréttindafrömuðir nútímans. Vestraen túlkun segir að mannréttindi séu vörn einstaklingsins og þeim sé beitt gegn oki ríkisvaldsins. Hin sovéska kenning sagði að vörnin næði yfir samfélagið sjálft. Sýn Sovétríkjanna lagði aðallega áherslu á efnahagsleg og félagsleg réttindi og að án þeirra væru borgaraleg og pólitísk réttindi óþörf. Við stjórn landsins var lagt hart að almenningi við að sýna opinberan stuðning við hugsjónir kommúnismans. Af því leiddi að borgaraleg og pólitísk réttindi voru mjög takmörkuð.

Trekk í trekk hafa mannréttindasamtök og alþjóðastofnanir lýst yfir áhyggjum af ástandi mannréttindamála í Rússlandi og skýrslur þaðan gefa heldur svarta mynd.

Í þessari ritgerð er leitast við að svara því hvort ástand mannréttindamála hafi skánað eða versnað við fall Sovétríkjanna og er þá helst litið til stjórn málasögunnar þar og skýrslna frá mannréttindasamtökum.

Lykilhugtök: Mannréttindi, Stjórnarskrá, Kommúnismi, Perestroika, Glasnost.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til B.A gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Ég er mjög ánægð með að hafa valið mér þetta nám og mér hefur þótt mjög skemmtilegt og fræðandi að læra við Háskólann á Bifröst.

Ég vil gjarnan þakka Jóni Ólafssyni, leiðbeinanda mínum og deildarforseta fyrir góð ráð og leiðbeiningar við vinnslu þessarar ritgerðar. Einnig vil ég þakka honum sem og öðrum kennurum við deildina fyrir áhugaverð og krefjandi námskeið sem skemmtilegt var að taka þátt í.

Ég vil gjarnan þakka móður minni og kærasta mínum fyrir yfirlestur, hvatningu og stuðning sem þau sýndu mér við vinnslu þessa verkefnis.

Reykjavík, 13. desember 2010

Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur..... | 5 |
| 2. Hvað eru mannréttindi..... | 7 |
| 3. Saga Rússlands..... | 13 |
| 3.1 - Rússland á tímum ættbálka og borgríkja..... | 13 |
| 3.2 - Keisaraveldið: Romanov ættin..... | 14 |
| 3.3 - Sovét tímabilið: Lenín og Stalín..... | 15 |
| 3.4 - Sovét tímabilið: Kalt stríð við Vesturlönd..... | 17 |
| 4. Mannréttindi í Sovétríkjunum..... | 21 |
| 4.1 - Stjórnmalafrelsi..... | 22 |
| 4.1.1 - Eystrasaltsríkin..... | 24 |
| 4.2 - Mál- og fjölmiðlafrelsi..... | 24 |
| 4.3 - Kosningaréttur..... | 25 |
| 4.4 - Eignaréttur og efnahagsleg réttindi..... | 25 |
| 4.5 - Frelsi til að safnast saman..... | 26 |
| 4.6 - Trúfrelsi..... | 26 |
| 4.7 - Frelsi til flutninga..... | 26 |
| 4.8 - Mannréttindabarátta í Sovétríkjunum..... | 27 |
| 5. Endalok Sovétríkjanna og stofnun Rússneska sambandsríkisins..... | 29 |
| 5.1 - Umbætur Gobrasjovs..... | 30 |
| 5.1.1 - Mál- og fjölmiðlafrelsi..... | 31 |

| | |
|--|----|
| 5.1.2 - Frelsi til að safnast saman..... | 31 |
| 5.1.3 - Trúfrelsi..... | 32 |
| 5.1.4 - Frelsi til ferða og flutninga..... | 32 |
| 5.1.5 - Afleiðingar umbótanna..... | 33 |
| 5.2 - Fall Sovétríkjanna..... | 33 |
| 5.3 - Rússneska Sambandsríkið..... | 35 |
| 5.4 - Forsetatíð Pútíns..... | 38 |
| 6. Mannréttindi eftir fall Sovétríkjanna..... | 42 |
| 6.1 - Réttarkerfið..... | 42 |
| 6.2 - Pólítískar ofsóknir og morð..... | 43 |
| 6.3 - Mál- og fjölmiðlafrelsi..... | 46 |
| 6.4 - Frelsi til að safnast saman..... | 47 |
| 6.5 - Téténía..... | 49 |
| 6.6 - Kvenréttindi..... | 51 |
| 6.7 - Önnur mál..... | 52 |
| 6.7.1 - Réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks..... | 53 |
| 6.7.2 - Trúfrelsi..... | 53 |
| 7. Niðurstöður..... | 55 |
| 8. Lokaorð..... | 57 |
| 9. Heimildaskrá..... | 58 |

1. Inngangur

Réttindi þeirra einstaklinga sem byggt hafa svæðið er nú heitir Rússneska Sambandsríkið hafa löngum verið til umræðu allt frá því að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna var fyrst kynnt. Í gegnum tíð Sovétríkjanna og upplausn þeirra og alveg til Rússlands nútímans hafa mannréttindafrömuðir haft áhyggjur af því hvort mannréttindi séu virt af stjórnvöldum þar. Það þótti ekkert launungarmál á tímum kommúnismans að réttindi borgaranna voru komin undan ríkinu í stað þess að vera hafin yfir stjórnvöld. Á sínum tíma drógu margir þá ályktun að stjórnarfarið ætti alla sök á hvernig komið væri fyrir réttindum í landinu og að fall kommúnismans og lýðræðisleg kosning nýrra stjórnvalda myndi hrinda af stað breytingum til hins betra í þeim efnunum.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar einmitt þessi ályktun. Hafa mannréttindamál breyst til hins betra í Rússlandi eftir fall Sovétríkjanna?

Til að svara þessari spurningu þarf fyrst að skilgreina hvað mannréttindi eru. Við vinnslu ritgerðarinnar var einkum stuðst við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna og humyndir Karels Vasaks um hinar þrjár kynslóðir mannréttinda, saga hugtaksins og þróun þess skoðuð.

Svo var litið til sögu svæðisins og skoðað hvernig aðstæður þar þróuðust upp í Októberbyltinguna 1917, upprisu kommúnismans og upphaf Sovétríkjanna, og hvaða augum stjórnvöld þar litu mannréttindi. Einnig var skoðuð staða ýmissa réttindahópa á þessu tímabili. Reynt var að varpa ljósi á þær aðstæður sem sköpuðust undir lok Sovétríkjanna og hvaða stefnu og umbótum var reynt að koma á áður en yfir lauk.

Litið er á stjórnarfarssögu rússneska sambandsríkisins sem reis upp af grunni fyrrum Sovétríkjanna og hvernig lýðræðið þar hefur þróast seinustu 20 árin. Skoðað eru þær umbætur sem hafa orðið á mannréttindum á þeim tíma og hvaða málaflokkar þar hafa helst brunið á mannréttindahópum og öðrum áhugamönnum. Í lokin er svo

skoðað hvaða ályktanir er hægt að draga af þessari söguskoðun um þróun mannréttinda á þessu svæði.

Það er einlæg von höfundar að ritgerðin varpi einhverju ljósi á stöðu mannréttinda í Rússlandi nútímans.

2. Hvað eru mannréttindi?

Samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna eru mannréttindi eru skilgreind sem réttindi og frelsi sem allir menn njóta. Hugmyndin er sú að ekki sé hægt að taka þessi réttindi af neinum óháð kyni, trú, þjóðerni eða kynþætti, sama hvar er í veröldinni.¹

Hugtakið er þó margslungið og einkum hægt að leggja þrens konar skilning í það. Í fyrsta stað má nefna lagalegan skilning og mun skilgreiningin á mannréttindum þá hljóma sem réttindi, skilgreind og samþykkt í réttindaskrá og alþjóðasamþykktum, t.d í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna.

Í annan stað má nefna stjórnmalalegan skilning og má þá skilgreina hugtakið sem réttindi sem nauðsynlegt er að tryggja fólki, burtséð frá alþjóðasamþykktum.

Í þriðja lagi má skilgreina hugtakið eftir siðferðilegum skilningi. Þannig má skilgreina mannréttindi sem réttindi sem allir menn hafa óháð efnahag eða stöðu innan samfélags.²

Þessi réttindi eru gjarnan byggð á sameiginlegum gildum innan hins siðferðilega mælikvarða, og þannig rökstudd sem venjubundin gildi eða náttúruleg rökstudd réttindi, eða sem lagabundin réttindi, annað hvort innan ríkis eða í alþjóðlegu samfélagi. Hinsvegar er langt í frá til einhver ein skilgreining á mannréttindum og hugtakið sjálft hefur verið umtalsefni ákafrar heimspekilegrar umræðu og gagnrýni.

Hugmyndin um mannréttindi eins og þau birtast okkur í dag kviknaði eftir atburði síðari heimstyrjaldarinnar, að hluta til vegna atburða Helfararinnar en hún leiddi til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu Þjóðanna árið 1948. En þótt að hugtakið mannréttindi sé tiltölulega nýtt þá er hægt að rekja hugsunina að baki því í gegnum heimspekisöguna. Hugtökin náttúruleg réttindi og frelsi má rekja aftur til grísku borgríkjanna og þróun lagabálka Rómarveldis.³

¹Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

²Ólafur Páll Jónsson, (2002)

³ Encyclopædia Britannica (e.d). *human rights*

Fyrirrennari mannréttindaumræðunnar var hugmynd upplýsingarinnar um hugtakið náttúrulög sem þróað var af ekki minni mönnum en John Locke og Immanuel Kant. Eitt af fyrstu dæmunum um lög til verndar einstaklingsbundnum réttindum voru höggvin í stein fyrir um 4000 árum að skipan súmerska konungsins Hammúrabís. Lögin eru álitin frumstæð í dag en hin 282 lög Hammúrabís hafa þó gefið fordæmi fyrir lagalegt kerfi til verndar borgurum frá gerræðislegum ofsóknum og refsingum. Helsta vandamál lagasafnsins var hversu bundið orsök og afleiðingu það var; markmið þess var að fæla fólk frá því að fremja glæpi í stað þess að veita fórnarlömbum vernd.⁴

Í Grikklandi hið forna tók hugmyndin um einstaklingsbundin réttindi á sig frekari mynd. Þar kom upp hugtakið náttúrulög; réttindi sem spretta upp frá náttúrulögum. Samkvæmt gríska heimspekingnum Aristótelesi þá eru náttúrulög lög sem endurspeglar náttúrulega reglu alheimsins, þ.e. vilja guðanna, sem stjórna náttúrunni.⁵ Þessi hugsun er víða endurspegluð í ritverkum forn-Grikkja. Sem dæmi er oft litið til harmleiksins Antígónu eftir Sófókles en í verkinu óhlýðnast titilpersóna verksins skipunum konungs Þebu um að grafa ekki bróður sinn er hafði gert uppreisn gegn ríkinu. Er konungurinn ásakar hana um að grafa hann í trássi við fyrirskipanir svarar Antígóna því til að hún hafi hlýtt lögum guðanna sem séu æðri fyrirskipunum einvalda.⁶

Þrátt fyrir þessi skyldleikamerki er grundvallarmunur á mannréttindum nútímans og náttúruarétti fortíðarinnar. Til dæmis fannst forfeðrum okkar þrælahald fullkomlega eðlilegt en í dag gengur slík iðja þvert gegn hugmyndum okkar um frelsi og jafnrétti sem við gjarnan leggjum að jöfnu við mannréttindi. Á miðöldum og síðar á endurreisnartímabilinu missti kirkjan mikið af valdi sínu og samfélög Evrópu hófu að leggja meiri áherslu á einstaklinginn sem aftur leiddi til undanhalds lénskipulagsins og einvalds.⁷

⁴ Árni Helgason, (2009)

⁵ Encyclopædia Britannica, (e.d). *Aristotle*.

⁶ Geir Þ. Þórarinsson. (2009)

⁷ Encyclopædia Britannica (e.d) *human rights*.

Næsta stökkbreyting hugmyndarinnar um mannréttindi var tilkomin af hugmyndinni um tilskipuð lög. Heimspekingnum og raunhyggjumanninum Thomas Hobbes fannst hugmyndin um náttúrulög vera frekar óljós og of opin fyrir mismunandi túlkunum og skilgreiningum. Erfitt væri að fylgja náttúrulögunum utan við samfélagið því að hiða algjöra frelsi sem fælist í því að lifa utan samfélags gæfi leyfi til að hafa að engu siðferðisgildi ef nauðsyn krefði. Þegar mannréttindi eru sett þannig undir hatt raunhyggjunnar þá eru þau, í stað þess að vera afdráttarlaus og algild, gefin og tekin, mótuð af samfélagi til að falla að þörfum þess.⁸ Jeremy Bentham, annar talsmaður raunhyggjunnar, dró saman kjarnann í málflutningi raunspekinga:

Right is a child of law; from real laws come real rights, but from imaginary law, from "laws of nature," come imaginary rights....Natural rights is simple nonsense.⁹

Á endanum féll þó hugtakið náttúruréttur í hálfgerða ónáð hjá heimspekingum en hugmyndin um algild réttindi kom í auknum mæli upp á yfirborðið. Spekingar á borð við Thomas Paine, John Stuart Mill og Henry David Thoreau þróuðu hugmyndina nánar á 18. og 19. öld. Árið 1831 skrifaði William Lloyd Garrison í blaðið *The Liberator* um það hvernig hann vildi flykkja lesendum sínum um hinn magnaða málstað mannréttinda. Líklega hefur orðið mannréttindi verið búið til á milli útgáfu á *The Rights of Man* eftir Thomas Paine og blaðagreinar Garrisons.¹⁰

Um miðja 19. öldina komust mörg mál í sviðsljósið sem við teljum til mannréttinda í dag. Þar á meðal voru þrælahald, vinnuaðstæður, lágmarkslaun, barnaþrælkun og í Bandaríkjunum: „Indjávandamálið“ eins og það var nefnt. Í Bandaríkjunum kom einnig til blóðugrar borgarastyrjaldar, meðal annars um þrælahaldið; styrjaldar sem komst nálægt því að eyðileggja ríkið sem einungis áttatíu árum áður hafði verið stofnað á þeim grunni að „allir menn væru fæddir jafnir“.¹¹

⁸Encyclopædia Britannica, (e.d). *Thomas Hobbes*.

⁹ *Bentham, (1789)*

¹⁰ Encyclopædia Britannica (e.d), *human rights*.

¹¹ Encyclopædia Britannica (e.d), *human rights*.

Á síðari hluta 19 aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu var mannréttindabaráttan gjarnan bundin við stjórn mála- og trúarhreyfingar og þeirra skoðanir. Byltingarsinnar áttu það til að benda á mannréttindabrot ríkisstjórna sem sönnun fyrir því að þörf væri á þeirra hugmyndafræði til að breyta og bæta samfélagið. Á móti bentu ríkisstjórnir á sprengjutilræði og aukin ofbeldisverk sem ástæður fyrir harðræði sínu. Hvorugur hópurinn gat þannig öðlast traust almennings enda létu báðir hóparnir sig nánast stjórn mála eingöngu varða á kostnað mannúðarmála.

Þrátt fyrir það náðu nokkrar borgara- og mannréttindahreyfingar fram ýmsum mikilvægum breytingum á þessum árum. Verkalýðsfélög knúðu á um lagasetningar sem festu í orði verkfallsréttindi, bættar aðstæður á vinnustöðum, bann við barnaþrælkun og margt fleira. Kvenréttindahreyfingar náðu fram kosningarétti fyrir konur í mörgum löndum. Þjóðfrelsinhreyfingum í ýmsum löndum tókst að öðlast sjálfstæði frá hinum evrópsku heimsveldum. Frelsinhreyfingum ýmissa minnihlutahópa tókst að ná fram réttindum sínum víða um heim.¹²

Árið 1961 voru tveir portúgalskir háskólanemar dæmdir til 20 ára fangelsisvistar fyrir þá sök eina að skála fyrir „frelsinu“ á knæpu í heimalandi sínu. Fólki blöskraði þetta víða um heim og tók hópur af lögfræðingum, blaðamönnum og rithöfundum ásamt fleirum sig saman og myndaði þrýstihópin „Appeal for Amnesty, 1961“. Þau skrifuðu grein sem birtist 28 maí það ár í breska blaðinu London Observer. Grein þeirra sagði sögu sex „samviskufanga“ frá mismunandi löndum með mismunandi stjórn mála- og trúarskoðanir. Öll sátu þau í fangelsi fyrir að koma þeim skoðunum friðsamlega á framfæri og ákölluðu höfundar greinarinnar ríkisstjórnir allstaðar til að knýja á um frelsi þessara fanga. Þeir settu fram einfalda áætlun um að fólk allstaðar að skyldi rita hlutlausar beiðnir fyrir hönd fanganna sem og allra þeirra sem sætu í fangelsi fyrir skoðanir sínar.

¹² Hunt. (2007).

Svörin við greininni voru meiri en nokkur hafði getað séð fyrir. Ákallið átti að gilda í eitt ár en var að lokum framlengt og Amnesty International og nútíma mannréttindabarátta varð til.¹³

Mannréttindabarátta dagsins í dag er ekki byggð á neinum nýjum hugmyndum. Hún er hinsvegar frábrugðin baráttu fortíðarinnar að því leitinu til að hún hafnar öllum pólitískum hugmyndum og hlutdrægni og krefst þess að stjórnvöld alls staðar, burtséð frá hugmyndafræði, fylgi vissum grundvallarréttindum í meðferð þeirra á borgurum sínum.¹⁴

Hugmyndafræðileg þróun hugtaksins hefur þó haldið áfram og árið 1979 setti tékkneski lögfræðingurinn Karel Vasak fram hugmyndir sínar um þrjár kynslóðir mannréttinda en þær hugmyndir hafa náð varanlegri fótfestu í evrópskri lögfræði enda byggðar á evrópskum hugmyndum. Hugmyndir Vasaks um þrjár kynslóðir byggjast upp á hinu fræga slagorði frönsku byltingarinnar: „Frelsi, jafnrétti og bræðralag“. Fyrsta kynslóð mannréttinda snýr einkum að frelsi og þáttöku einstaklingsins í stjórnmalalífi. Þau eru fyrst og fremst borgaralegs og stjórnmalalegs eðlis. Á meðal þeirra má finna réttinn til málfrelsis, réttinn til sanngjarnar málsmeðferðar og kosningaréttindi. Þetta voru jafnframt þau réttindi sem hvað fyrst öðluðust alþjóðlega viðurkenningu; með stjórnarskrá Bandaríkjana og í Frakklandi þegar Declaration of the Rights of Man and of the Citizen var birt á 18. öld. Að mati Vasaks eru þessi réttindi hvað mikilvægust vegna þess að allar hömlur á þeim virka jafnframt hamlandi á réttindi annarrar kynslóðar mannréttinda og svo framvegis. Mannréttindi annarrar kynslóðar lúta að jafnrétti. Þessi réttindi voru viðurkennd að jafnaði eftir fyrri heimstyrjöldina. Í grundvallaratriðum eru þau félagslegs, hagfræðilegs og menningarlegs eðlis. Þau eiga að tryggja að allir fái jafna meðferð sama hvar þeir standa í samfélaginu. Meðal réttinda annarrar kynslóðarinnar má nefna réttinn til atvinnu, réttinn til húsnæðis og heilsugæslu.

¹³ Encyclopædia Britannica (e.d), *human rights*.

¹⁴ Encyclopædia Britannica (e.d), *human rights*.

Mannréttindi þriðju kynslóðarinnar eru þau réttindi sem falla ekki í flokk borgaralegra eða félagslegra réttinda en hafa samt verið viðurkennd á alþjóðlegum vettvangi meðal annars með Stokkhólmsyfirlýsingunni árið 1972. Þrátt fyrir það hefur reynst erfitt að færa þessi réttindi í lagalegan búning og því eru þau að stærstum hluta óopinber. Þessi flokkur inniheldur meðal annars réttinn til ómengaðs umhverfis, réttinn til aðgangs að náttúruauðlindum, réttinn til samskipta auk flestra hópréttinda.¹⁵

¹⁵ Encyclopædia Britannica (e.d), *human rights*.

3. Saga Rússlands

3.1 Rússland á tímum ættbálka og borgríkja.

Rússland er víðfeðmasta ríki veraldar og á sér mikla og langa sögu. Saga Rússlands er saga átaka og landvinninga. Allt frá þjóðflutningunum miklu á fyrstu öldum hins kristna tímats hafa fjölmörg þjóðarbrot haft búsetu á svæðum sem tilheyra Rússlandi. Samskipti þessara ólíku þjóðarbrotu í gegnum tíðina er sá þáttur sem mótað hefur Rússland nútímans og fólkið sem þar býr.

Slavneskir ættbálkar eru fjölmennastir þeirra ættbálka sem búið hafa á sléttum vestur Rússlands allt frá 1500 árum fyrir Krists burð. Átök þeirra á milli, ásamt öðrum ættbálkum, hafa tekist á um völdin á þessu víðfeðma og gjöfula landssvæði. Þó slavar séu þar fjölmennastir hafa oft á tíðum ættbálkar sem ekki eru slavneskir, haft yfirráð yfir þeim og stjórnað landinu. Það sem réði ferðinni voru yfirleitt deilur og átök innan slavnesku ættbálkanna.¹⁶

Á 9. öld e.kr. héldu sænski víkingar, nefndir væringjar, innreið sína á rússnesku sléttunna. Tókst væringjum, undir stjórn Rúríks, að stofna hið eiginlega fyrsta ríki á svæðum slavnesku ættbálkanna og nefndist það Garðaríki. Var ríkið í raun sambandsríki stórra borgríkja undir stjórn niðja Rúríks og voru helstu borgirnar Novgorod og Kænugarður (Kiev). Þótt norrænir væringjar hafi myndað yfirstétt þessa borgríkis þá hafði stjórnskipulag borgríkisins sameinað ólíka slavneska ættbálka. Væringjar stjórnðu borgríkinu í tæpar tvær aldir og á þeim tíma skapaðist eitt þjóðfélag slava undir formerkjum Kievan-Rus. Þjóðfélag það varð undirstaða Rússlands nútímans.¹⁷

Þótt hinir slavnesku ættbálkar hafi náð að sameinast í eitt ríki þá áttu þeir enn í miklum átökum við ættbálka og nýstofnuð ríki sem höfðu landamæri að Kievan-Rus. Ber þar helst að nefna Tatara frá suðri og Mongóla frá austri. Innrás Mongóla inn á

¹⁶ The Library of Congress (e.d).

¹⁷ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

rússnesku sléttunnar á 13. öld leysti upp ríki slava og næstu tvær og hálfu öld lutu rússneskir slavar stjórn Mongóla.¹⁸

3.2 Keisaraveldið í Rússlandi: Romanov tíminn.

Á 15. öld reis upp öflug valdastétt í hertogadæminu Moskvu sem sameinaði rússneska slava og sigraði á endanum leifar mongólska ríkisins. Í kjölfarið hófust miklir landvinningar í suðri og austri, t.a.m. innlimuðu þeir ríki Tatara inn í Rússland. Næstu þrjár aldirnar var ríki Rússlands sífellt að stækka í þá mynd sem við þekkjum í dag. Á endanum varð ríkið það víðfemt að það innihélt ýmsa minnihlutahópa. Rússland var orðið keisaradæmi þar sem allt vald var í höndum tsarsins.¹⁹

Romanov ættin komst til valda árið 1613 og hélt völdum næstu þrjár aldirnar. Undir stjórn þeirra varð ríkið æ miðstýrðara þar sem aðalsmenn, nefndir Bojarar, réðu landssvæðum í gegnum tsarinn. Sú aukna miðstýring leiddi oft til átaka á milli minnihlutahópa við valdastéttina víðsvegar um ríkið. Þó að fjölmennir minnihlutahópar tilheyri Rússlandi þá einkenndist samfélagið á þessum tíma æ meira af stéttskiptingu.²⁰

Líkt og í öðrum konungs- og keisaraveldum Evrópu, féllu verðmæti rússnesku þjóðarinnar í skaut fámennrar forréttindastéttar. Misskipting auðsins var slík að aðalsfólk bókstaflega réði því hvort og hvernig fólk lifði. Það leit ekki á það sem skyldu sína að verja og þjóna almenningi heldur að alþýðan bæri þær skyldur að þjóna aðalsstéttinni í einu og öllu. Lög sem í gildi voru báru merki þess að líf almennra borgara var ekki sett á sama stall og líf aðalsmanna. Allar tillögur til umbóta í þeim efnunum voru yfirleitt bældar niður, þá sérstaklega eftir frönsku byltinguna árið 1789.

¹⁸ The Library of Congress (e.d)

¹⁹ The Library of Congress (e.d)

²⁰ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

Misskiptingin var einkum áberandi í dreifbýlinu, þar sem mikill meirihluti landsmanna bjó og þar sem minnihlutahópar héldu sig á jaðarsvæðum ríkisins. Auðurinn fylgdi aðalsfólkinu og aðallinn bjó í stórborgum Rússlands eins og Moskvu og Pétursborg. En það var þó einkum í þeim borgum þar sem misskiptingin var eins áberandi og raunin var.²¹

Stéttaskipting sú sem myndaðist í konungsríkjum Evrópu á þessum tíma sköpuðu hina marxisku kenningu um kommúnisma. Lénskerfið hafði fært allan auð og öll verðmæti í hendurnar á fámennum forréttindahópi. Í því kerfi hafði hópur sem hafði góð tengsl við aðalsættir skapað grundvöll fyrir viðskipti og verslun. Sá hópur hafði í gegnum pólistíska spillingu fengið í sínar hendur völd yfir því fólki sem engan rétt hafði. Í þeim aðstæðum, þar sem gríðarstór hópur hefur ekki réttindi til sómasamlegs lífs og er ætlað að þræla sér út fyrir einstaklinga sem eiga allt, skapaðist grundvöllur Októberbyltingarinnar, árið 1917 og í kjölfarið stofnunar Sovétríkjanna árið 1922.²²

3.3 Sovét tímabilið: Lenín og Stalín.

Ófriðurinn mikli í Evrópu, 1914 – 1918, gerði lítið annað en að gera ljósa veikleika rússnesks samfélags. Þar sem önnur stórríki Evrópu eins og Bretland, Frakkland og Þýskaland, höfðu þróað með sér vísindalegar, samfélagslegar og pólitískar breytingar, þráðist hin rússneska yfirstétt við gamla kerfið og var algerlega óundirbúið fyrir styrjöldina. Keisaraveldið lifði ekki af ósigra stríðsins. Ljóst var nú að hið spillta kerfi gat ekki keppt við nútímastjórnskipan annara Evrópuríkja.²³

Í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar og falls keisaraveldisins skapaðist upplausn í Rússlandi þar sem boðberar ólíkra hugmyndafræða tókust á um völdin. Á tímabilinu 1917 – 1922 er mikill ófriður í Rússlandi sem nær til allra svæða landsins sem og nágrannaríkja. Marxistar, sem höfðu í gegnum árin styrkt stöðu sína og skipulag meðal rússnesks verkalýðs, tókust á við leifar konungssinna og lýðræðissinna sem

²¹ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

²² Riasanovsky og Steinberg, (2005)

²³ The Library of Congress (e.d)

nutu stuðnings vestrænna ríkja. Helstu átökin urðu þó í innbyrðisátökum marxista þar sem hreyfingin hafði klofnað í tvær stórar fylkingar, hina róttæku bolsévika og hina hófsamari mensévika. Klofningur rússneskra marxista í þessar tvær fylkingar áttu rætur sínar allt frá árinu 1905 og átti eftir að hafa mikil áhrif á rússneskt samfélag næstu öldina.

Árið 1922 lauk borgarastríði Rússlands með yfirburðarsigri bolsévika. Undir styrkri stjórn Vladimirs Lenin náðu þeir að sameina öll landssvæði gamla Rússlands sem var stjórnað af verkamannaráðum sem nefndust "Sovét". Sovétríkin voru svo formlega stofnuð þann 30. desember, árið 1922.²⁴

Strax við stofnun Sovétríkjanna fóru leiðtogar bolsévika að leita leiða til að styrkja völd sín innan þessa víðfeðma ríkis. Það reyndist tímafrekt verk að brjóta niður yfir þrjúhundruð ára stjórnskipulag keisaraættarinnar og ekki bætti á það ástand að óvini Bolsévikastjórnarinnar í borgarastríðinni var enn að finna víðsvegar um ríkið, ekki síst á dreifbýlissvæðum óralangt frá Moskvu og Leníngrad. Ráð bolsévika var að gefa sovétráðum héraðanna ægivald yfir þegnum sínum. Réttindi almennings voru takmörkuð algerlega gagnvart ríkisvaldinu undir þeim formerkjum að útrýma þyrfti óvinum ríkisins.²⁵

Eftir að Jósef Stalín hafði náð að tryggja sér völdin innan Kommúnistaflokksins árið 1927, töldu bolsévikar að landssvæði Rússlands væru nú algerlega undir þeirra yfirráðum. Hafist var handa við að nútímavæða ríkið og gera það samkeppnishæft ríkjum Vesturlanda og á endanum sýna fram á yfirburði hagkerfis og skipulagningu marxismans. Í kjölfarið fóru í gang stórfelld verkefni á vegum ríkisins í landbúnaði, iðnaði og vísindarannsóknum.

Ríkisvæðing landbúnaðarins og iðnaðarins var langt í frá sársaukalaus. Skipulagning samyrkjubúa, sem átti að sjá um alla matvælaframleiðslu ríkisins tókst illa upp og olli gífurlegri hungursneyð og kostaði milljónir mannlífa. Einkum á svæðum Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Þessar hörmungar eru raktar til pólitískra ákvarðanna

²⁴ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

²⁵ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

Stalíns og undirmanna hans í kommúnistaflokknum þar sem markmiðið var að tryggja pólitísk áhrif þeirra innan Kommúnistaflokksins.²⁶

Stalín stjórnaði Sovétríkjunum frá árinu 1927 – 1953, er hann lést og má segja að það tímabil megi einkum rekja til þessa þátta; það að tryggja alger yfirráð innan Kommúnistaflokksins og að nútímavæða ríkið eins hratt og mögulegt var, sama hversu mörg mannlíf það kostaði. Auk þeirra milljóna sem létust í hungursneyðinni í vesturhluta Sovétríkjanna þá voru hundruð þúsunda einstaklinga teknir af lífi í hreinsunum Stalíns. Þrátt fyrir ógnarstjórn Stalíns og þau gríðarlegu mannréttindabrot sem voru framin, tókst Sovétríkjunum að iðnvæða landið hratt sem m.a. gerði þeim kleift að verjast innrás Þjóðverja og bandamanna þeirra í síðari heimsstyrjöldinni og gjörsigra þá síðan fjórum árum síðar.²⁷

3.4 Sovét tímabilið: Kalt stríð við Vesturlönd.

Eftir síðari heimsstyrjöldina þá stóðu Sovétríkin uppi sem sigurvegari á Þýskalandi nasismans. Um allan heim dáðist fólk af þrautsegju og hetjudáðum Sovétmanna gegn stríðsvél Þjóðverja og fór í gang mikill uppgangstími kommúnismans um allan heim. Hugmyndafræði marxismans hafði náð að sigra nasismann. Hugmyndafræði marxismans stóðst heimskreppuna miklu á fjórða áratugnum sem lamaði hinn kapítalíska heim. Í öllum löndum heimsins fylktist ungt fólk að kommúnisma. Hugmyndafræðileg átök milli hinna kapítalísku Bandaríkja og Sovétríkja kommúnismans lágu í loftinu.

Þótt Sovétríkin hafi verið sigurvegari í síðari heimsstyrjöldinni þá var ríkið mjög laskað eftir átökin við Þjóðverja. Herir nasista höfðu náð að borgarmörkum Moskvu, höfðu herjað langt inn í Kákasuslöndin í suðri og sátu um Leníngrad í tæp þrjú ár.

²⁶ The Library of Congress (e.d).

²⁷ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

Eyðilegging landsins og gríðarlegt mannfall óbreyttra borgara skildi efnahag ríkisins eftir í rjúkandi rúst.²⁸

Þótt ástand Sovétríkjanna væri jafn slæmt og raun bar vitni þá höfðu þeir eitt sem tryggði þeim öryggi næstu árin. Þeir höfðu stóran, öflugan her sem var vel þjálfaður og hafði mikla reynslu eftir átökin við Þjóðverja. Nágrannalönd Sovétríkjanna höfðu engar varnir til að verjast her Sovétmanna. Undir lok stríðsins, þegar Sovétmenn sóttu inn í Þýskaland og hófu innrás inn í Berlín, þá höfðu þeir bolað Þjóðverjum út úr þeim löndum sem á vegi þeirra urðu. Þetta voru ríki sem áður voru hersetin af Þjóðverjum eða voru bandamenn þeirra gegn Sovétmönnum. Þetta voru: Pólland, Rúmenía, Búlgaría, Ungverjaland, Tékkoslóvakía, Albanía og Júgóslavía. Auk þeirra þá hertóku Sovétmenn austurhluta Þýskalands en Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar hertóku vesturhlutann. Til að tryggja stöðu Sovétríkjanna þá ákváðu leiðtogar Sovétríkjanna að hertaka lönd austur Evrópu í gegnum leppstjórnir sem höfðu aðstoð í sovéska hernum ef þörf var á. Ennfremur voru Eystrasaltsríkin þrjú innlimuð í Sovétríkin og stór landssvæði tekin af Finnum og Japönnum. Efnahagur Sovétríkjanna var síðan efldur með því að arðræna lönd fyrrum andstæðinga þeirra í stríðinu. Í gegnum herstyrk sinn og hugmyndafræði sem naut virðingar víðsvegar um heiminn, voru Sovétríkin búin að tryggja sér sess sem stórveldi í heiminum.²⁹

Það leið ekki á löngu þar til að stórveldi heimsins, Sovétríkin og Bandaríkin, voru farin að takast á um áhrif í heiminum. Sovétríkin tóku nú stefnu á boða hugmyndafræði kommúnismans um allan heim og ætluðu sér að nýta þann skriðþunga sem þeir höfðu í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar. Bandaríkjamenn litu á Sovétríkin sem ógnun við heimsstöðugleikann og öryggi Bandaríkjanna sjálfra þar sem frjáls viðskipti milli landa skipti þá miklu máli. Í ótta sínum við vaxandi áhrif Sovétríkjanna tryggðu Bandaríkin stöðu markaðsaflanna í vestur Evrópu með peningargjöfum í formi Marshall aðstoðarinnar. Í Suður-Ameríku, þar sem kommúnisminn náði að heilla marga, gerðust Bandaríkjamenn enn herskárri og tóku

²⁸ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

²⁹ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

virkan þátt í að steypa af stóli lýðræðiskjörnum ríkisstjórnnum sem hölluðust í átt að sósíalisma.³⁰

Við lát Stalíns árið 1953, náði Nikíta Krústjev völdum í Kommúnistaflokksnum eftir mikla baráttu við Bería, Bulganín og Malenkov. Undir stjórn Krústjeps reyndu Sovétríkin að gera upp ógnarstjórn Stalíns. Á 20. þingi Kommúnistaflokksins, árið 1956, gerði Krústjev glæpi Stalíns opinbera í frægri skýrslu. Sú skýrsla lak út til umheimsins og olli gríðarlegu fjaðrafoki. Innan Sovétríkjanna voru harðir stuðningsmenn Stalíns settir út á jadarinn og í heimalandi Stalíns, Georgíu, þurfti herinn að berjast niður litla uppreisn.³¹

Áhrifin erlendis voru enn áhrifameiri. Sama ár og skýrslan lak út, sagði stjórn Imre Nagy í Ungverjalandi skilið við ægivald Sovétríkjanna. Sovétmenn ákváðu að senda inn herinn og komu þannig aftur á fót leppstjórn kommúnista í Búdapest. Nagy og aðrir leiðtogar uppreisnarinnar voru teknir af lífi. Tólf árum síðar reyndu Tékkoslóvakar einnig að slíta sig frá áhrifum Sovétríkjanna undir stjórn Alexander Dubcek. Aftur brugðust herir Varsjárbandalagsins við, réðust inn í Prag og komu aftur á fót leppstjórn kommúnista. Hnignun Sovétríkjanna og kommúnismans sem hugmyndafræði var þá byrjuð.³²

Nikíta Krústjev náði aldrei að tryggja völd sín í Sovétríkjunum. Hann þurfti ætíð að kljást við völduga menn innan ríkisins sem þóttu þær umbætur sem hann reyndi að ná í gegn vera merki um veikleika. Harðlínumönnum þótti ekkert meira niðurlægjandi en viðurkenning á veikleikum ríkisins sem að sama skapi sýndi fram á veikleika í hugmyndafræði bolsévika. Upprisa fólksins í Ungverjalandi og Tékkoslóvakíu, umfangsmikil verkföll í Póllandi og Austur-Þýskalandi og togstreita sem myndaðist á milli Sovétríkjanna og Kína gerði þeim ljóst að snúa þurfti þessum umbótum við og horfa aftur til tíma Stalíns í að tryggja aftur stöðu kommúnismans. Var Krústjev að lokum bolað frá völdum og við tók Leoníd Breshnev.

³⁰ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

³¹ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

³² Riasanovsky og Steinberg, (2005).

Undir stjórn Breshnev varð viðsnúningur í Sovétríkjunum aftur í átt til vinnubragða Stalínstímans. Aftur varð fjármagn til hermála að aðalatriði ríkisins. Þær umbætur sem náðust hvað varðaði persónufrelsi í tíð Krústjev voru dregnar til baka. Mikil áhersla var lögð á persónudýrkun foringjans líkt og í tíð Stalíns og harðari afstaða í utanríkismálum var aftur á dagskrá. Þau átján ár sem Breshnev ríkti þá héldu Sovétríkin stöðu sinni í heiminum sem stórveldi en aldrei náðu þeir vinna hug og hjörtu fólks víðsvegar um heiminn líkt og þau gerðu á tímum Stalíns. Það sem einkenndi þó stjórn Breshnev var stöðnun efnahagslífsins. Hagkerfi ráðsstjórnarríkjanna náði ekki að keppa við hin kapítalísku ríki heimsins og varð æ meira áberandi munur á lífskjörum fólks í þeim löndum. Ráðsstjórnarríkin voru sífellt að leita leiða til að stöðva fólksflotta frá löndum kommúnismans. Í stað fyrirheita um yfirburði kommúnismans komu múrar og hermenn gráir fyrir járnum til að halda fólki kyrru fyrir.³³

³³ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

4. Staða mannréttinda í Sovétríkjunum

Leiðtogar Kommúnistaflokksins lögðu annan skilning í hugtakið mannréttindi heldur en tíðkaðist á Vesturlöndum. Eins og áður hefur komið fram var vestrænn skilningur sá að einstaklingurinn væri verndaður af mannréttindum gegn ríkinu. Sovésk hugmyndafræði lagði aftur á móti þann skilning í hugtakið að samfélagið sem heild væri verndað en ekki hver einstaklingur fyrir sig. Í Sovétríkjunum var lögð áhersla á heilsugæslu og aðgang að matvællum, menntun og atvinnu. Samkvæmt leiðtogum ríkisins voru þetta mikilvægustu mannréttindin og ef þau væru ekki til staðar væri heldur engin þörf fyrir stjórnómáleg eða borgaraleg réttindi.

Um það var deilt á Vesturlöndum um hvort Sovétmenn hefðu hafnað hinum vestræna skilningi á löggjöf vegna þeirrar trúar að lög ættu að vera meira en bara verkfæri stjórnómálanna. En það sjónarhorn Sovétmanna að marxíska hugmyndafræðin væri ofar náttúrulögunum var mikið gagnrýnt.³⁴

Fyrsta stjórnarskrá Sovétríkjana var skrifuð árið 1918. Í orði tryggði hún jöfn réttindi fyrir bændur jafnt sem verkamenn. Á hinn bóginn neitaði hún stuðningsmönnum hvíta hersins³⁵ um kosningarétt eða rétt til að sitja í pólitískum valdastöðum.³⁶ Árið 1936 var stjórnarskránni breytt. Meðal breytinganna var 124. grein sett inn en hún tryggði trúfrelsi fyrir alla borgara.³⁷

Árið 1977 var stjórnarskránni breytt aftur og þá voru breytingarnar víðtækari, sérstaklega hvað varðar réttindi borgara. Á meðal réttinda sem tryggð voru í nýju stjórnarskránni voru málfrelsi, fjölmiðlafrelsi og fundafrelsi. Að auki tryggði stjórnarskráin trúfrelsi, verndun fjölskyldunnar og réttinn til einkalífs. Auk þess voru hin ýmsu efnahagslegu og félagslegu réttindi tryggð svo sem réttinn til vinnu, hvíldar og frítíma, heilsugæslu, húsnæðis og menntunar.

³⁴ Shiman,(1999).

³⁵ Hvíti herinn var vopnaður armur Hvítu hreyfingarinnar sem var lauslegt bandalag þeirra sem börðust gegn bolsévikum.

³⁶ The Library of Congress, (e.d).

³⁷ The Library of Congress, (e.d).

Hinsvegar takmarkaði stjórnarskráin stjórnmalaleg réttindi. Fimmta grein stjórnarskrárinnar tók algjörlega fyrir möguleikann á að hægt væri að mynda stjórnarandstöðu gegn Kommúnistaflokknum. 39. grein gerði stjórnvöldum kleift að koma í veg fyrir starfsemi sem þau töldu skaðleg. 59. grein skuldbatt borgarana til að hlýða lögum og fylgja gildum samfélagsins, ákvörðuðum af Kommúnistaflokknum.³⁸

Stjórnvöld töldu þau stjórnmalalegu og efnahagslegu réttindi er tryggð voru í hinni nýju stjórnarskrá, ekki vera óafsalanleg. Borgarar fengu að njóta þessarra réttinda, einungis þegar það þóknaðist stjórnvöldum og ef það rakst ekki á við hagsmuni þeirra. Kommúnistaflokkurinn hafði einn vald til að setja stefnumál fyrir stjórnvöld og samfélag. Sem dæmi má taka það að málfrelsið, tryggt samkvæmt 52. grein í stjórnarskránni, gilti aðeins ef málið var í samræmi við kenningar flokksins. Málfrelsið náði ekki yfir gagnrýni á stjórnvöld. Stjórnvöld höfðu einnig vald til að banna alla fundi ósamþykktra trúarhópa og brot á þessum reglum vörðuðu við mjög strangar refsingar.

Stjórnarskráin gerði ekki ráð fyrir stjórnmalalegum eða lagalegum verkfærum til að vernda réttindi borgaranna. Engar umbætur til að vernda réttindi einstaklinga voru nokkurn tímann boðaðar af þinginu. Ekki gátu borgarar heldur biðlað til neins yfirvalds ef þeir töldu brotið á réttindum sínum. Hæstirétturinn hafði ekkert vald til að tryggja að mannréttindi væru rækt af löggjafanum eða svo mikið sem virt af stjórnvöldum.³⁹

4.1 Stjórnmalafrelsi

Í Sovétríkjunum var stjórnmalaleg kúgun svo algeng að talað er um hana sem sérstakt verkfæri í innanríkisstjórnmalum frá dögum Októberbyltingarinnar. Kúgunin náði hæstu hæðum í tíð Stalíns og tíðkaðist ennþá upp að vissu marki á dögum Krústjevs, jókst svo undir stjórn Breshnevs og hvarf aldrei fyrr en með perestroiku Gorbatsjevs.

³⁸ The Library of Congress, (e.d).

³⁹ The Library of Congress, (e.d).

Fræðilegur grunnur fyrir ofsóknunum var hin marxíska sýn á stéttabaráttuna og hugmyndina um einræði meirihlutans. Hin kúguðu voru gjarnan nefnd óvinir alþýðunnar og refsingar ríkisins fólust meðal annars í aftökum án dóms og laga, ánaud í vinnubúðum, nauðungarflutningum og sviptingu borgaralegra réttinda. Einnig var fjölskyldum hinna ásökuðu gjarnan refsað.

Á þriðja og fjórða áratug seinustu aldar sá sovéska leynilögreglan um að kæfa allt pólitískt andóf. Til þess var notað mikilfenglegt net óbreyttra borgara sem njósnuðu um náunga sinn. Þessir óbreyttu borgarar unnu þetta starf bæði tilneyddir sem og af fúsum og frjálsum vilja.

Í gegnum tíðina hlutu tímabil stóraukinna ofsókna nöfn eins og Rauða ógnin (e. Red Terror), Samhæfingin (e. Collectivization) og Hreinsunin mikla (e. Great Purge).

Rauða Ógnin var herferð fjöldahandtaka og aftaka sem bolsévíkar framkvæmdu. Hún stóð yfir í tvo mánuði í september og október árið 1918.

Samhæfingin var stefna í Sovétríkjunum, iðkuð milli 1928 og 1933. Hún miðaði að því að sameina lönd og vinnufólk í svokölluð samyrkjubú. Leiðtogar Sovétríkjanna trúðu því að þessi iðja myndi auka á matarbirgðir landbyggðarinnar auk þess sem það myndi auka efnivið til iðnaðarframleiðslu og útflutning á landbúnaðarvörum. Samhæfingin átti því að vera lausn á því vandamáli sem mismunandi landgæði voru. Landbúnaðarfolk streittist á móti þessari lausn og gripu stjórnvöld þá til harðra aðgerða til að knýja samhæfinguna áfram.

Hreinsunin mikla var röð herferða pólitískra ofsókna sem Stalín skipulagði á árunum 1937 til 1938. Herferðirnar fólu meðal annars í sér hreinsunina á meðlimum Kommúnistaflokksins, ofsóknir gegn bændastéttinni, brottvísanir minnihlutahópa og ofsóknir gegn hlutlausum borgurum. Þessar herferðir einkenndust af víðtæku lögreflueftirliti, fangelsunum og drápum.

Fyrir utan þessar herferðir beindust pólitísku ofsóknirnar ekki einungis að einstaklingum heldur heilu hópunum. Minnihlutahópar hvort heldur sem þeir sneru að kynþætti, trúarbrögðum eða öðru voru margir hverjir ofsóttir í tíð Sovétríkjanna. Mörgum þjóðarbrotum og kynþáttahópum var refsað af stjórnvöldum fyrir meint

samráð við óvininn í seinni heimstyrjöldinni. Minnst 9 þjóðarbrot, þar af Þjóðverjar, Grikkir, Pólverkar, Tatarar og Téténar, voru flutt nauðungarflutningum til Síberíu eða afskekktu svæða í Kasakstan. Kóreumenn og Rúmenar voru reknir úr landi. Stjórnvöld flokkuðu þessa hópa sem „óvini alþýðunnar“ og andsnúna sovétisma. Auk þess var fólk flutt nauðungarflutningum til þess að tryggja jafnari skiptingu verkafólksins og til að byggja auð svæði sem áður höfðu tilheyrt minnihlutahópum.⁴⁰

Eftir dauða Stalíns fækkaði pólitískum ofsóknum um stóran hluta auk þess að breyta um mynd. Þeir sem gagnrýndu stjórnvöld voru gjarnan dæmdir fyrir and-Sovéskan áróður eða sem „félagsleg sníkjudýr“. Aðrir voru stimplaðir geðveikir og vistaðir í svokölluðum „psikhushkas“ þ.e. geðsjúkrahúsum sem notuð voru sem fangelsi.⁴¹

4.1.1 Eystrasaltsríkin

Í Eystrasaltsríkjunum, Eistlandi, Lettlandi og Litháen stóðu Sovétmenn fyrir skipulögðum ofsóknum og nauðungarflutningum gegn íbúum þeirra. Varðveist hafa leiðbeiningar fyrir þessa nauðungarflutninga, undirritaðar af Ivan Serov hershöfðingja. Serov leiðbeiningarnar lýsa í smáatriðum hvernig standa skuli að því að flytja mikinn fjölda fólks úr þessum löndum til Síberíu þann 13. og 14. Júní 1941. Opinberir dómstólar voru einnig settir á fót til að refsa svikurum þ.e.a.s. þeim sem höfðu ekki gert pólitíska skyldu sína og kosið með sameiningu landa sinna við Sovétríkin.⁴²

4.2 Mál- og fjölmiðlafrelsi

Ritskoðun innan Sovétríkjanna var víðtæk og stranglega framfylgt. Listir, bókmenntir, menntastofnanir og vísindi voru höfð undir smásjá til að koma í veg fyrir að brugðið væri út fyrir kommúníska hugmyndafræði. Viðkvæði var að þessar greinar ættu að þjóna hagsmunum hins kommúníska meirihluta. Öll hug- og félagsvísindi voru yfirfarin með það í huga að þau fylgdu sögulegrar efnishyggju.

⁴⁰ Gershenson og Grossman, (2001).

⁴¹ Munro (2000).

⁴² Encyclopædia Britannica, (e.d) *Latvia*.

Öll náttúruvísindi áttu að vera byggð á heimspekilegum grunni þráttarefnishyggu. Margar undirgreinar vísinda s.s erfðafræði, stýrifræði og samanburðarmálfræði voru þaggaðar niður og úthrópaðar sem smáborgaralegt fúsk. Á sínum tíma var Lysenko-aðferðin, sem margir vilja í dag telja sem hjáfræði, í eftirlæti meðal sovéskra landbúnaðar- og líffræðinga. Á þriðja og fjórða áratug seinustu aldar voru margir af þekktustu vísindamönnum ríkisins stimplaðir sem eyðileggingarsinnar eða óvinir fólksins og þeir hneptir í fangelsi. Sumir vísindamenn unnu sem fangar í „Sharshkas“ en það var rannsóknar og þróunarstofnun innan Gúlagsins.⁴³

Samkvæmt hegningarlögum Sovétríkjanna var áróður og andóf, borinn út með það að markmiði að veikja stjórnvöld, eða drefing lesefnis sem rægði Sovétríkin eða félagskerfið refsivert athæfi sem varðaði fangelsisvist í 2 til 5 ár.⁴⁴

4.3 Kosningaréttur

Samkvæmt kommúnískri hugmyndafræði var sovéska kerfið hin sanna mynd lýðræðis, þar sem að verkamannaráðin (sovétin) endurspegluðu vilja verkamannastéttarinnar. Sovéska stjórnarskráin frá 1936 átti að tryggja jafnan kosningarétt fyrir leynilegar kosningar. En þangað til í kosningunum 1987 voru allir frambjóðendur vandlega valdir af samtökum Kommúnistaflokksins.⁴⁵

4.4. Eignarréttur og efnahagsleg réttindi

Einstaklingur mátti eiga eignir innan Sovétríkjanna en háð takmörkunum þó. Allar fasteignir voru skilgreindar sem eign ríkisins eða samfélagsins. Heilsugæsla, heimkynni, menntun og næring voru tryggð öllum gegnum atvinnu og efnahagslegt velferðarkerfi sem inngróið var í flesta vinnustaði. Einnig var reynt að sjá fyrir eldri borgurum og öryrkjum í gegnum eftirlaun og örorkubætur.⁴⁶

⁴³ The Library of Congress, (e.d).

⁴⁴ De Boer, Driessen og Verhaar, (1982).

⁴⁵ The Library of Congress, (e.d).

⁴⁶ Feldbrugge og Simons, (2002).

4.5 Frelsi til að safnast saman og mynda félag með öðrum

Frelsi til funda og félaga var verulega skert. Verkamenn máttu ekki mynda verzlunarmannafélög. Öll slík félög sem til voru fyrir voru skipulögð og stjórnað af ríkinu. Öll æskulýðsfélög áttu að fylgja og viðhalda stefnum og markmiðum Kommúnistaflokksins. Þáttaka í óleyfilegum pólitískum félögum var refsiverð og varðaði við fangelsisvist.⁴⁷

4.6. Trúfrelsi

Sovétríkin vildu efla trúleysi. Til að ná því fram gerðu stjórnvöld upptækar eigur kirkjunnar, rægðu trúarbrögð, ofsóttu trúaða og ráku áróður fyrir trúleysi í skólum. Hinsvegar voru aðgerðir gagnvart hinum og þessum trúarbrögðum ákvarðaðar út frá hagsmunum ríkisins og skipulögðustu trúarbrögðin voru aldrei gerð ólögleg.

Aðgerðir gagnvart prestum og fylgjendum Réttrúnaðarkirkjunnar fólust meðal annars í pyntingum, vistunum í fangabúðum, vinnubúðum og geðsjúkrahúsum eða aftökum. Meðlimum Réttrúnaðarkirkjunnar var gert ómögulegt að komast í góð störf eða að verða meðlimir í samtökum Kommúnistaflokksins. Áróður gegn trúarbrögðum var styrktur og honum dreift opinberlega án þess að kirkjunum væri gefið færi á að bregðast við eða svara fyrir sig. Af þeim 54.000 kirkjum sem til voru í landinu fyrir fyrri heimsstyrjöldina voru einungis um 500 eftir árið 1941⁴⁸

4.7 Frelsi til flutninga

Ferðir eða flutningar úr landi voru ekki heimil nema með sérstöku leyfi stjórnvalda. Samkvæmt hegningarlögum Sovétríkjanna varðaði það við 10 til 15 ára fangelsisvist eða dauða og eignaupptöku að neita að snúa heim eftir dvöl erlendis. Vegabréfskerfið í Sovétríkjunum hélt aftur af innanríkisflutningum íbúanna í gegnum „propiska“ kerfið (íbúaleyfi og skráning) og með notkun innanríkisvegabréfa. Um langt skeið höfðu íbúar Sovétríkjanna ekki

⁴⁷ De Boer, Driessen og Verhaar, (1982).

⁴⁸ The Library of Congress (e.d).

innanríkisvegabréf og gátu því ekki flutt milli bæja án leyfis. Margir fyrrum fangar máttu búa í minnst 101 km fjarlægð frá borgarmörkum. Ferðalög til lokaðra borga eða svæða nálægt landamærunum var mjög takmarkað. Flóttatíraun til útlanda varðaði við fangelsisvist í eitt til þrjú ár.⁴⁹

4.8. Mannréttindahreyfingar í Sovétríkjunum

Vissulega voru stjórnvöld í Sovétríkjunum hörð á að kæfa niður allar hreyfingar sem þau töldu hættulegar. En eftir því sem almenningur vaknaði til aukinnar vitundar um óréttlætið sem viðgekkst í ríkinu jókst einnig hugkvæmni óhlýðnu borgaranna.

Árið 1969 var Aðgerðarhópur til varnar borgaralegum réttindum í Sovétríkjunum stofnaður. Samtökin börðust fyrir frelsi fórnarlamba pólitískra ofsókna. Þau voru leyst upp eftir handtöku og réttarhöld forsprakkans Peter Yakir.⁵⁰

Í nóvember árið 1970 var Mannréttindanefnd Moskvu sett á laggirnar. Hún var stofnuð af Andrei Sakharov og fleirum í þeim tilgangi að mótmæla mannréttindabrotum og þá sérstaklega leynilegum réttarhöldum, dauðarefsingum og sálrænum pyntingum. Samtökin fengu inngöngu í Alþjóðabandalag Mannréttinda og var það í fyrsta skipti sem að vestrænn áhugahópur tengdi sig við sovéskan áhugahóp.⁵¹ Andrei Sakharov var frægur kjarnorkueðlisfræðingur sem hafði mótmælt opinberlega kjarnorkutilraunum Sovétmanna. Eftir að hann skrifaði bók þar sem hann mælti með kjarnorkuafvopnun var hann sviptur prófessorstöðu sinni. Hann varð ötull talsmaður mannréttinda í Sovétríkjunum og fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1975.⁵²

Sovétríkjadeild Amnesty International var stofnuð í Október árið 1973 af 11 menntamönnum í Moskvu.⁵³

⁴⁹ De Boer, Driessen og Verhaar, (1982).

⁵⁰ De Boer, Driessen og Verhaar, (1982).

⁵¹ De Boer, Driessen og Verhaar, (1982).

⁵² Korey, (1998).

⁵³ De Boer, Driessen og Verhaar, (1982).

Moskvu-Helsinki samtökin voru stofnuð árið árið 1976 til að fylgjast með hversu fylgin stjórnvöld væru við Helsinki sáttmálann sem þau höfðu undirritað árið áður. Sáttmálinn fól í sér að mannréttindi skyldu viðurkennd.⁵⁴

⁵⁴ Moscow Helsinki Group, (e.d).

5. Endalok Sovétríkanna og stofnun Rússneska Sambandsríkisins

Mikhail Gorbasjev er fæddur árið 1931 og frá 13 ára aldri vann hann á samyrkjubúinu þar sem faðir hans var vélvirki. Hann var frábær nemandi og lagði stund á lög við háskólann í Moskvu þaðan sem hann lauk prófi. Eftir að hafa gengið í Kommúnistaflokkinn klifraði hann hratt upp metorðastigann og varð þingmaður við þrítugsaldurinn. Sem embættismaður í landbúnaðargeiranum og flokksleiðtogi í heimahéraði sínu öðlaðist hann orðspor sem strangheiðarlegur og nýjungagjarn. Hann var fyrst kjörinn í yfirverkamannaráðið árið 1970 og var orðinn að fullu meðlimur politburosins⁵⁵ árið 1980.

Eftir dauða Konstantíns Tjernenkó tók Gorbasjev við embætti sem aðalritari Kommúnistaflokksins í mars 1985. Um árabíl höfðu sovéska stjórnarmál einkennst af stöðnun og Gorbasjev sá það og skildi nauðsynina fyrir endurbætur. Hann vildi byrja að takast á við vandann, fyrst með því að ræða hann opinberlega. Stöðnun hagkerfisins sem hafði haft neikvæð áhrif á lífsskilyrði, ömurlegt ástand landbúnaðarins, hvernig landinu hafði mistekist að halda í við þróun vísinda í heiminum; allt blandaðist þetta saman í vonbrigði og svartsýni meðal almennings. Til að nota orð Gorbasjevs sjálfs þá virtist sem Sovétríkin stæðu frammi fyrir andlegri krísu ofan á efnahagsvandráðin og ríkið þyrfti á endurbyggingu. Perestroikan var fædd. Gorbasjev hafði mikla trú á kenningum Leníns og átti þannig örlítið erfitt með að skilja hina miklu svartsýni sem einkenndi sovéska líf á þessum árum. Hann fékk lánaða blaðsíðu úr kenningum Leníns þegar hann færði rök fyrir því að landið gæti gengið í endurnýjun lífdaga í gegnum sambland af lýðræðisvæðingu og bættri forystu. Til að hjálpa sér að koma því í gang umkringdi Gorbasjev sig yngri mönnum innan Kommúnistaflokksins, mönnum sem voru sömu skoðunnar og hann, að mikilla breytinga væri þörf, bæði innan flokksins og í stjórnkerfinu.⁵⁶

⁵⁵ Framkvæmdanefnd Kommúnistaflokksins. Í reynd fór nefndin með framkvæmdavaldið í Sovétríkjunum og ákvarðanir þeirra voru ígildi laga.

⁵⁶ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

Fljótlega eftir embættistöku sína réðist Gorbajov í miklar pólitískar endurbætur, margar hverjar sem voru litnar hornauga af eldri meðlimum flokksins. Til að byrja með átti lýðræðisvæðingin að þýða bættari kosningar. Þ.e.a.s. í stað eins frambjóðanda til embætta á vegum flokksins, yrðu margir. Kommúnistaflokkurinn yrði þó áfram eini flokkurinn í boði. Gorbajov trúði, eins og Lenín, því að sterkt miðlægt vald væri nauðsynlegt á tímum breytinga. Hann beitti sér fyrir því að leiðtogar Kommúnistaflokksins bættu frammistöðu sína, létu af því sem hann kallaði ruddalegt skrifræði blandað saman við sjálfsánægju og vanhæfni. Gorbajov var einnig óþreytandi við að biðla þess til fólksins um að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Þrátt fyrir mikinn mótbyr hélt Gorbajov áfram og á flokksráðstefnu í júní 1988 (sú fyrsta sem haldin var í 47 ár) settu hann og samverkamenn hans af stað róttækar umbætur sem áttu að minnka umsvif og áhrif flokksins á ríkisreksturinn. Gorbajov og stuðningsmenn hans vildu einnig minnka spillingu innan flokksins og í kerfinu og reyna að stemma stigu við þeirri valdníðslu sem tíðkaðist í miðríkinu. Gorbajov markaði til þess skýra stefnu sem hann nefndi glasnost. Glasnost-stefnan sneri að því að gera opinber sem mest af starfsemi stjórnvalda, auka gagnsæi í athöfnum allra stofnanna og auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum.⁵⁷

5.1 Umbætur Gorbajovs

Siðfræði Gorbajovs var bundin sovéskri hugmyndafræði. Þegar hann talaði um sósíalisma talaði hann gjarnan um húmanismann í kenningunni og hvernig kenningin leitaðist við að verja og efla altæk mannleg gildi. Vissulega klisjur í sovéskri hugmyndafræði þrátt fyrir að áherslan á að mannréttindi væru algild frekar en bundin við stéttastöðu væri ekki hefðbundin. En hins vegar bendir allt til þess að Gorbajov hafi trúað á þessi gildi og viljað gera þau að raunveruleika fyrir sovéskan almenning.⁵⁸

⁵⁷ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

⁵⁸ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

5.1.1 Mál- og fjölmiðlafrelsi

Ný fjölmiðlalög gengu í gildi árið 1990 og markaði það hápunktinn á langri ferð Sovétríkjanna í átt að raunverulegu mál- og fjölmiðlafrelsi. En áður en að árið var liðið höfðu margar af þeim umbótum sem nýju lögin lofuðu verið rýrð að miklu leyti því ríkisvaldið réðist strax í að hefta fjölmiðlafrelsið, meðal annars var gerð tilraun til að fresta gildistöku laganna sjálfra.

Það var margt jákvætt við lögin sjálf; m.a. var lagt bann við ritskoðun og rétturinn til tjáningarfrelsis og upplýsinga var tryggður. Útgáfubanni var að mestu aflétt og einskorðaðist nú aðeins við ríkisleyndarmál, klámefni, stuðnings við byltingu eða stjórnvaldsbreytingu, stríðsáróður eða áróður fyrir kynþátta- og trúarmismunun og hvatningu til glæpsamlegrar hegðunar.

„Glavlit“, stofnunin sem sá um ritskoðun stjórnvalda var afnumin í orði árið 1990 en var í raun bara gefið annað nafn. Hin nýja stofnun „GUOT“ hóf starfsemi með því að gefa strax út nýjan lista yfir efni sem bannað var að gefa út. Eins og fyrirrennarar hans innihélt listinn mjög víðtæk viðfangsefni eins og sjúkdómatíðni meðal búfenaðs og upplýsingar um glæpi innan hersins. Takmarkanir á birtingu ríkisleyndarmála var áfram notað sem skálkaskjól til að vinna gegn gagnrýni á stjórnvöld. Að stærstu leyti var bleki, pennum og prentsmiðjum áfram stjórnað af ríkisvaldinu.⁵⁹

5.1.2 Frelsi til að koma saman og mynda félag með öðrum

Í júlí 1988 gengu ný lög um friðsamleg mótmæli í gildi. Þrátt fyrir ýmsa galla veittu lögin fólki meira ráðrúm til að mótmæla og fjöldi fólk nýtti sér þennan rétt sinn á næstu árum. Í apríl 1990 reyndi þó Gorbasjev forseti að koma í veg fyrir frekari mótmæli í miðbæ Moskvu með því að banna borgarráðinu að gefa út frekari leyfi til mótmæla.

Með tilkomu glasnost voru þúsundir félaga stofnuð. Meðal þeirra voru margir baráttuhópar fyrir réttindum, þeirra á meðal sjálfstæð verkalýðsfélög og umhverfisverndarfélag.

⁵⁹ Cosman og Laber, (1991)

Í október 1990 voru ný lög sett um félög. Lögin skilgreindu félag sem samtök sem ekki væru rekin í hagnaðarskyni eins og t.d. góðgerðarsamtök, verkalýðsfélög eða stjórnmalasamtök. Öll samtök voru skyldug til að skrá sig og einungis skráð samtök máttu eiga fasteignir eða gefa út lesefni. Einungis var heimilt að synja félagi um skráningu ef að skráningarferli hafði ekki verið fylgt eða ef markmið samtakanna stönguðust á við hegningarlög.⁶⁰

5.1.3 Trúfrelsi

Í október 1990 gengu ný lög í gildi sem heimiluðu fólki að iðka trú sína óáreitt. Lögin staðfestu einnig aðskilnað ríkis og kirkju og leyfi veitt til trúarlegrar fræðslu. Trúfélögum var auk þess gert kleift að eiga eignir og ráða til sín fólk í vinnu. Aðalgallinn við lögin var klásúlan um skráningu. Óformleg trúfélög þurftu ekki að skrá sig en samt virtist sem skráning væri nauðsynleg til að öðlast lagalega stöðu. Einnig gáfu lögin mismunandi sjálfstjórnarsvæðum innan Sovétríkjanna rými til að draga upp sína eigin skráningaferla og opnaði þannig fyrir möguleikann á að eitthvert svæði myndi setja lög um skráningarferla sem virkuðu hamlandi.⁶¹

5.1.4 Frelsi til ferða og flutninga

Takmarkanir á ferðalögum voru rýmkaðar til muna á seinustu árum Sovétríkjanna þótt flutningar milli landa hafi aldrei verið gefið fyllilega frjálssir. Til dæmis voruðu embættismenn hjá KGB gegn því að slíkt yrði gert leyfilegt því þeir óttuðust að allt menntafólk myndi þá flytja burt. Á sama tíma voru þó einnig enn til staðar miklar takmarkanir á ferðalögum innan Sovétríkjanna sjálfra. Enn var til staðar búsetuleyfiskerfið sem hamlaði íbúum frá því að flytja hvert sem þeir vildu og jafnvel að starfa þar sem þeir vildu.⁶²

⁶⁰ Cosman og Laber, (1991).

⁶¹ Cosman og Laber, (1991).

⁶² Cosman og Laber, (1991).

5.1.5 Afleiðingar umbótanna

Tilslakanir á ritskoðun urðu til þess að Kommúnistaflokkurinn missti stjórn á fjölmiðlunum. Áður en langt um leið hófu þeir að fletta ofan af hinum miklu efnahagslegu og félagslegu vandamálum sem þjakað höfðu Sovétríkin um árabíl en stjórnvöld ávallt svarið fyrir. Vandamál eins og alkóhólismi, hækkandi dánartíðni, matarskortur og slæm staða kvenna komu nú upp á yfirborðið stjórnvöldum til vandræða. Einnig varð hið nýja aðgengi almennings og fjölmiðla að upplýsingum sem áður höfðu farið leynt til þess að fólk fræddist almennt meira um hin ólystugri verk Stalíns og stjórnar hans, þar af um hreinsanirnar og önnur leynileg mál. Þrátt fyrir að Krústjev hefði áður fordæmt persónudýrkunina á Stalín þá hafði sannleikurinn um ógnarverk hans ávallt verið þaggaður niður.

Raunar var hin jákvæða ímynd af lífi innan Sovétríkjanna, sú ímynd sem stjórnvöld höfðu ætíð reynt að halda að borgurum sínum, í hraðri hnignun og hinar neikvæðu hliðar lífsins voru dregnar fram í dagsljósið. Trú almennings á hið sovéska kerfi var að bresta.

Aðrar ófyrirséðar afleiðingar af umbótum Gorbajovs komu fram. Í kosningum til svæðapings innan sjálfstjórnarsvæða Sovétríkjanna unnu þjóðernissinnar stóra sigra víðast hvar. Fyrir tilstuðlan umbóta Gorbajovs gátu stjórnvöld í Moskvu ekki lengur þröngvað sínum vilja upp á umbjóðendur sína á sjálfstjórnarsvæðunum. Þær raddir hækkuðu sem kölluðu á meira sjálfstæði frá Moskvu.⁶³

Þúsundir samviskufanga og mótmælenda voru látnir lausir⁶⁴ en þrátt fyrir það mistókst Gorbajov að endurbæta Sovétríkin undir merkjum perestroiku og glasnost.

5.2 Fall Sovétríkjanna

Boris Jeltsín, lærður byggingarverkfræðingur, gerðist meðlimur Kommúnistaflokksins árið 1961 er hann var þrítugur að aldri. Stjarna hans reis hratt

⁶³ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

⁶⁴ Cosman og Laber, (1991).

innan flokksins, hann varð meðlimur nomenklatura⁶⁵ hópsins árið 1968. Hann var útnefndur í politburo-ið og var einnig nokkurs konar borgarstjóri Moskvuborgar í tvö ár frá 1985-1987. Það var Gorbasjev sjálfur sem skipaði hann í þessar stöður því hann bjóst við því að Jeltsín yrði dyggur stuðningsmaður sinn og umbóta sinna. Þeir áttu það sameiginlegt báðir tveir að trúa á kerfið og vilja bæta það. Jeltsín var vissulega umbótasinni og segja má að Gorbasjev hafi stórlega vanmetið hversu mikill umbótasinni Jeltsín í raun var. Árið 1987 kom til mikilla átaka milli þeirra því Jeltsín fannst Gorbasjev draga lappirnar hvað varðaði umbæturnar og ekki vinna nógu hratt. Eftir að Jeltsín hafði gagnrýnt Gorbasjev harkalega í politburoinu var hann rekinn úr stöðum sínum innan flokksins. Tveimur árum síðar sneri hann aftur í stjórn málin og var kosinn til Fulltrúaþings fólksins sem fulltrúi Moskvu. Á endanum náði hann sæti í yfirsovéti Rússlands. Þar hlaut hann fulltingi bæði lýðræðis- og afturhaldssinna til að verða formaður. Í júní 1991 vann Jeltsín fyrstu lýðræðislegu forsetakosningarnar er haldnar voru í rússneska lýðveldinu og var svarinn inn í embættið í júlí sama ár.⁶⁶

Þann 18. ágúst árið 1991 var gerð tilraun til valdaráns gegn Gorbasjev af meðlimum ríkisstjórnarinnar. Jeltsín mótmælti valdaráninu opinberlega standandi á skriðdreka fyrir framan rússneska Hvíta húsið. Valdaránið mistókst og þann 21. ágúst höfðu flestir leiðtogarnir flúið Moskvu. Jeltsín var hylltur sem hetja fyrir að hafa stöðvað valdaræningjana. Þrátt fyrir að Gorbasjev héldi stöðu sinni hafði hann í raun misst öll áhrif. Hvorki stofnanir innan rússneska stjórnkerfisins né valdastofnanir í samveldinu hlýddu skipunum hans en studdu þess í stað Jeltsín. Rússneska ríkisstjórnin tók smám saman yfir ríkisstjórn samveldisins, eitt ráðuneyti í einu. Í desember lýstu Jeltsín, forseti Úkraínu og forseti Hvíta-Rússlands sameiginlega yfir því að þeir hygðust leysa upp Sovétríkin. Þrátt fyrir að meirihluti almennings hefði

⁶⁵ Nomenklaturan var lítill elítuhópur innan Sovétríkjanna og annarra Austur-Evrópulanda. Meðlimir hópsins voru nær allir meðlimir Kommúnistaflokksins og gengdu mikilvægum stjórnunarstöðum á öllum sviðum hins opinbera.

⁶⁶ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

kosið í þjóðaratkvæðagreiðslu að hann vildi halda Sovétríkjunum, sagði Gorbasjov af sér sem forseti og Sovétríkin liðu undir lok á jóladag 1991.⁶⁷

5.3 Rússneska sambandsríkið

Með upplausn Sovétríkjanna varð Rússland sjálfstætt ríki sem tók á sig allar skyldur og forréttindi Sovétríkjanna á alþjóðavettvangi. Boris Jeltsín varð fyrsti forseti hins nýja Rússneska Sambandsríkis. Vandamálin sem hann og ríkisstjórn hans stóðu frammi fyrir voru risavaxin. Meðal þeirra voru slæm staða heilsugæslu og félagsþjónustu, minnkandi lífslíkur fólks og hrun á vergri landsframleiðslu þjóðarinnar um helming. Fátækt í landinu hafði rokið upp úr öllu valdi. Síðar var dregið fram að efnahagskrísan sem nærri öll fyrrum Sovétríkin stóðu frammi fyrir á tíunda áratugnum hafi verið tvisvar sinnum verri en kreppan mikla í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum á þriðja áratugnum. Fyrsta stóra verk Jeltsíns var að reyna að koma hagkerfinu í gang. Til þess notaði hann róttæka áætlun sem gekk undir því viðeigandi nafni „lostmeðferð“. Hún var þróuð af varaforsetisráðherranum Jegor Gaidar og öðrum ungum rússneskum hagfræðingum undir áhrifum af vestrænni markaðshagfræði. Lostmeðferðin átti að aftengja rússneska hagkerfið frá miðstýringu og skapa þannig undirstoðir fyrir sjálfstætt markaðsumhverfi. Þessu átti að áorka með því að afnema verðstýringu, skera niður fjárfstyrki til iðnaðar og landbúnaðar og einkavæða iðnaðar-, fjármála-, viðskipta-, landbúnaðar- og fasteignageirana. Eftir á að hyggja hafa hagfræðingar hjá Heimbankanum bent á galla þessara áætlana Jeltsíns og ríkisstjórnar hans. Þær virðast hafa byggt á ofurtrú á markaðnum og jafnframt gert lítið úr hlutverki í ríkisins í hvers kyns umbreytingum á hagkerfi lands auk þess að hunsa algjörlega þörfina fyrir lagaramma og eftirlitsstofnanir í áhrifaríku markaðshagkerfi. Í reynd voru umbæturnar ójafnar, þær drógust á langinn og sköpuðu miklar þjáningar. Sjálfur mátti Jeltsín þola mikið mótlæti vegna þeirra, s.s. frá kommúnistum og þjóðernissinum í stjórnarandstöðunni, áhrifamiklum sérhagsmunaklíkum og óánægðum almenningi. Til að stemma stigu við þessu

⁶⁷ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

mótlæti breytti Jeltsín gjarnan hinum róttækari hlutum áætlunarinnar. Hægt var á breytingunum, niðurskurður á fjárstyrkjum til iðnaðar var minnkaður eða hætt við hann algjörlega og flest landbúnaðarfyrirtæki voru áfram í ríkiseigu. Þrátt fyrir þetta voru breytingarnar umfangsmiklar.⁶⁸

Afnám verðstýringarinnar leiddi til óðaverðbólgu og frjáls markaðsverð leiddu til versnandi lífsskilyrða fyrir eldra fólk og aðra með laun sem stóðu í stað. Algengt var að fólk tapaði ævisparnaðinum. Fyrirtæki voru einkavædd í stórum stíl. Eignarhald byrjaði að safnast á fárra hendur og skipulögð glæpastarfsemi náði fótfestu innan hagkerfisins. Seinni umferð einkavæðingarinnar sem hófst árið 1994 hefur verið lýst sem „einu stærsta og óskammfeilnasta dæmi um auðvaldslega hlutlægni í sögunni“. Stærstu ríkisfyrirtæki landsins voru seld til áhrifamikilla auðmanna⁶⁹, gjarnan fyrir brotabrot af raunverulegu virði þeirra, oftast gegnum „lán“ frá bönkum eða einstaklingum sem ekki voru endurgreidd.⁷⁰

Út árið 1992 óx andstaðan stöðugt við endurbætur Jeltsíns. Varaforseti Rússlands fordæmdi endurbæturnar meðal annars sem efnahagslegt þjóðarmorð. Jeltsín reyndi að verja sig og var sannfærður um að þörf væri fyrir sterkt miðlægt yfirvald og sitt eigið hlutverk sem ábyrgðarmann fyrir framförum Rússlands frá kommúnisma og nær lýðveldi. Með það að augnamiði gerðu ráðgjafar hans drög að stjórnarskrá sem jók við vald forsetaembættisins gagnvart dómssvaldinu, löggjafarvaldinu og skrifræðinu. Á sama tíma var löggjafarvaldið að skrifa sína eigin stjórnarskrá sem átti að takmarka vald forsetaembættisins. Jeltsín ákvað að gera út um málið með því að leysa upp þingið og halda kosningar til nýs þings og um hvort staðfesta ætti stjórnarskrána. Þingið streittist á móti, þingmenn lokuðu sig af inni í þinghúsinu, lýstu Jeltsín vanhæfan sem forseta og varaforsetinn var svarinn inn í embættið. Óbreyttir borgarar svöruðu ákalli þeirra eftir stuðningi og flyktust að þinghúsinu

⁶⁸ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

⁶⁹ Gjarnan er talað um þessa auðmenn sem rússnesku ólíkarkana, viðskiptajöfra sem auðguðust á árunum eftir fall Sovétríkjanna.

⁷⁰ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

þar sem þeim voru fengin vopn. Löggjafarvaldið reyndi ennfremur að ráðast inn á fjarskiptaskrifstofu hersins og studdi árásir á Ostankino sjónvarpsstöðina og höfuðstöðvar borgarráðs Moskvu. Nokkrum dögum síðar sendi Jeltsín hermenn með skriðdreka til að þvinga uppreisnaröflin til uppgjafar og handtaka forsprakkana. Meira en hundrað manns voru drepnir í átökunum, þar af margir vegfarendur. Ofbeldið varð til þess að bilið breikkaði milli stjórn málaflanna í landinu og gerði marga lýðræðissinna fráhverfa Jeltsín.⁷¹

Það mannréttindamál sem hvað hæst bar uppi í forsetatíð Jeltsín var fyrra stríðið í Téténíu sem stóð yfir í tvö ár frá 1994-1996. Átök hafa verið uppi um þetta svæði síðan í gegnum söguna en eftir langt tímabil mótspyrnu var Téténía innlimað í Rússland á áttunda áratug 19. aldar. Eins og áður sagði hafði Stalín Téténa grunaða um að hafa unnið með nasistum í seinni heimstyrjöldinni og lét hann flytja á bilinu 400.000 til 800.000 Téténa nauðungaflutningum til Síberíu og dóu margir á leiðinni. Þetta landlausa fólk fékk ekki að snúa til síns heima aftur fyrr en eftir lát Stalíns. Eftir fall Sovétríkjanna komst hershöfðingi að nafni Dudajev til valda í höfuðborg Téténíu, Grosní, og leiddi hann sjálfstæðisbaráttu Téténa. Jeltsín tók ekki sjálfstæðisyfirlýsingu Téténa til greina, líklega til þess að gefa ekki öðrum svæðum frekari ástæðu til óróa og vegna þess að Téténía hafði þá og hefur enn lykilhlutverki að gegna hvað varðar olíuhagsmuni Rússlands. Í staðinn sendi Jeltsín hermenn inn á sjálfstjórnarsvæðið en dró þá til baka þegar þeir mættu vopnuðum Téténium. Spenna á svæðinu jókst stöðugt eftir þetta þangað til að hún braust út með blóðugu stríði í desember 1994, er Rússar réðust inn á svæðið. Jeltsín bjóst við að geta knésett herafla uppreisnarinnar á skömmum tíma en uppskar í staðinn auðmýkjandi skell. Milli 70-80.000 manns létust í átökunum, flestir þeirra óbreyttir téténskir borgarar. Tveimur árum síðar þurfti rússneski herinn að hörfa burt.⁷²

Þegar Jeltsín kom fram á sjónarsviðið sem leiðtogi hins nýja Rússlands fylgdu honum miklar væntingar. En hinar miklu breytingar sem þurfti að gera til að færa landið

⁷¹ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

⁷² Shah, (september, 2004).

nær lýðræði skildu vinsældir hans eftir neðan við 10% þegar hann lét af embætti um aldamótin. Og þótt þeir hefðu jafnvel stutt breytingarnar á sínum tíma skildu fæstir Rússar af hverju það hafði þurft að nota svona harkalegar efnahagsaðgerðir sem hafði þurrkað út spariféð þeirra. Og enginn þeirra virtist muna að Jeltsín og ríkisstjórn hans höfðu tekið við gjaldþrota þjóðarbúi. Rússland hafði erfitt skuldir Sovétríkjanna og þær voru það stórar að þjóðir heimsins voru ekki tilbúnar að ráðast í björgunaraðgerðir af neinu tagi.⁷³

Þegar Jeltsín lét af embætti hafði hann selt ríkisfyrirtækin og pólitíska arfleifð sína í hendur ólígarka í skiptum fyrir endurkjör sitt árið 1996 og batnandi afkomu rússneska þjóðarbúsins. Eftir stutt daður við lýðræði og borgaraleg réttindi virtist landið vera á hraðri leið aftur til miðstýringar og spillingar. Og Jeltsín virtist sjálfur hafa verið þungamiðjan í þeirri þróun með því að hleypa KGB inn í hjarta ríkisstjórnarinnar og með því að leyfa hinu gamla kerfi spillingar að festa rætur. Eftir að heilsu hans hafði farið ört hrakandi samfara vinsældum ákváðu hann og ráðgjafar hans í sameiningu að best væri fyrir hann að láta af embætti og var Vladimir Pútín, fyrrum KGB útsendari, valinn til að fylla skarðið.⁷⁴

5.4 Forsetatíð Pútíns

Vladimir Pútín er fæddur árið 1952 í Leningrad. Hann slapp því við að mótast af seinna stríðinu eða Stalín tímanum. Líflægur ferill hans sem útsendari KGB og seinna sem aðstoðarmaður borgarstjóra Leningrad gaf honum orðstír sem frábær stjórnandi. Það var meðal annars sá orðstír sem vakti athygli Jeltsín á honum og varð til þess að sá hann fékk Pútín til að koma til Moskvu og ganga til liðs við ríkisstjórnina. Árið 1999 var hann gerður að forsætisráðherra og svo var hann útnefndur eftirmaður Jeltsíns.⁷⁵ Ímynd hans gagnvart umheiminum mótaðist fyrst og fremst af framgöngu hans gagnvart Téténunum en seinna stríð Rússa við uppreisnarmenn á sjálfstjórnarsvæðinu var nokkurn veginn samtíða risi hans til valda. Eftir átök á

⁷³ Ostalski, (apríl, 2007).

⁷⁴ Ostalski, (apríl, 2007).

⁷⁵ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

Dagestan sjálfstjórnarsvæðinu þar sem að tétenskir aðskilnaðarsinnar biðu ósigur varð Moskva fyrir sprengjuárásum sem drápu meira en 300 manns. Téténur var kennt um þessar árásir þótt það væri aldrei sannað. En Pútín svaraði grimmilega fyrir hönd Rússlands. Rússneski herinn gerði fjölmargar sprengjuárásir á Téténú. Talið er að 30-50% af öllum Téténur hafi flúið svæðið á meðan Grosní og önnur landsvæði þar voru lögð í rúst. Mannfall óbreyttra borgara var mjög hátt og alþjóðasamfélagið mótmælti harðlega framferði Rússa.⁷⁶

Í kosningabaráttunni talaði Pútín gjarnan um að berjast gegn ólígörkunum sem að hans mati höfðu leikið hættulegan leik og blandað saman völdum og fjármagni.⁷⁷ Á fyrra kjörtímabili sínu sem forseti tók Pútín fyrstu skrefin til að koma böndum aftur á ólígarkana og draga úr pólitískum metnaði þeirra. Meðal annars var Mikhail Khodorkovsky, stærsti eigandi olúfyrirtækisins Yukos handtekinn, árið 2003, vegna gruns um innherjaviðskipti með áburðarverksmiðju í eigu ríkisins. Áður en árið var úti hafði rannsóknin snúist upp í ákæru á Yukos og stjórn þess fyrir fjársvik, fjárdrátt og að hafa svikið undan skatti. Athuglir blaðamenn og gagnrýnendur vildu þó meina að lögsóknirnar hefðu minna að gera með að draga menn til ábyrgðar fyrir skattsvik og meira að gera með það að ríkistjórn Pútíns hefði fengið nóg af því að draga taum þessara manna og þola jafnframt gagnrýni þeirra. Með því að losa sig við ólígarkana gæti hún aukið eigin völd. Khodorovsky hafði meðal annars stutt ýmis réttindasamtök og stjórnarandstöðuflokka. Boris Berezovsky, sem áður var náinn samstarfsmaður og vinur Jeltsíns og Pútíns varð einn stærsti gagnrýnandi hins síðarnefnda og reyndi meðal annars að stofna sína eigin stjórnmalahreyfingu og styrkja mannréttindasamtök. Hann flúði landið til að forðast handtökur. Þessir tveir menn sem eru hvað frægustu skotmörk lögsóknanna höfðu báðir gagnrýnt Pútín fyrir dálæti hans á miðlægu ríkisvaldi og fyrir að sýna lýðræðislegri samfélagsskipan litla virðingu. Mjög líklega voru lögreglurannsókninar ekki út í hött; ólíklegt er að margir hafi orðið ríkir á heiðarlegan hátt á árunum eftir fall Sovétríkjanna. En

⁷⁶ Shah, (september, 2004).

⁷⁷ Riasanovsky og Steinberg, (2005).

aðalástæðan fyrir því að þessir ólígarkar voru rannsakaðir en ekki aðrir var sú að þeir ógnuðu valdi Pútíns. Og Pútín tók það skýrt fram við hina ólígarkana að veldi þeirra væri óhult svo framarlega að þeir borguðu skattana sína og héldu sig frá stjórnmalum.⁷⁸

Einnig hélt Pútín áfram með endurbætur á lagaumhverfi, sérstaklega hvað varðaði skattalög og landeignarlög en framfarir á því sviði höfðu verið fremur hægar í tíð Jeltsíns.⁷⁹

Pútín er lýst sem gáfuðum, upplýstum raunsæismanni. Hann hefur sjálfur sagst ekki vilja vera tengdur við neina hugmyndafræði og á móti hvers konar opinberri kennisetningu ríkisins. Hann ólst upp við trúna á sovéska kerfið en hann lærði einnig að skilja bresti þess, þá sérstaklega hvað varðar afdráttarlausu hugmyndafræði sem handbók fyrir heila þjóð. Margir hafa þó gagnrýnt Pútín fyrir að sýna enga hollustu við lýðræðið. Embættismenn í Rússlandi hafa sumir hverjir notað orðtakið „stýrt lýðræði“ yfir aðferð þeirra við stjórnun landsins. Einnig hefur hið ríkjandi hlutverk fyrrum leyniþjónustumanna innan ríkisstjórnarinnar og stofnanna ríkisins vakið áhyggjur. Pútín hefur einnig aukið sín eigin áhrif gagnvart þinginu þó samskiptin við það hafi ætíð fari fram á vinsamlegum nótum. Einnig hefur vakið athygli hversu skeytingarlaus Pútín hefur verið gagnvart mannréttindabrotum sem viðgangast í Téténíu og auknu áreiti gagnvart baráttumönnum fyrir mannréttindum, umhverfishópum, trúarhópum og fleirum.⁸⁰

Pegar Pútín nálgadist lok seinna kjörtímabils síns sem forseti risu upp spurningar um hver myndi taka við af honum. Einn af þeim sem komu til greina var Dmitry Medvedev, 42 ára gamall lögfræðingur sem nýlega hafði verið gerður að fyrsta varaforsætisráðherra. Hann sóttist formlega eftir forsetaembættinu í kosningunum árið 2008, með stuðningi og blessun Pútíns. Hann sigraði með 70% greiddra atkvæða.

⁷⁸ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

⁷⁹ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

⁸⁰ Riasanovsky og Steinberg, (2005)

Hann gerði Pútín umsvifalaust að forsætisráðherra í ríkisstjórn sinni.⁸¹ Medvedev er af mörgum talinn mun frjálslýndari en Pútín og hefur hann tjáð sig opinberlega um nauðsyn þess að vernda borgaraleg réttindi, meðal annars sagði hann svo í innsetningarræðu sinni. Árið 2009 ítrekaði hann þessa afstöðu sína og viðurkenndi að í Rússlandi þörfnuðust þessi málefni margvíslegra umbóta.⁸²

Þrátt fyrir að stjórnarskrá Rússlands sé mjög skýr í að veita meirihluta stjórnvaldsins til forsetaembættisins hafa verið uppi getgátur um hvor fari raunverulega með valdið: Medvedev forseti eða Pútín forsætisráðherra. Samkvæmt skoðanakönnun álíta 32% að Pútín fari með valdið en einungis 13% álíta að Medvedev fari með það. 48% álíta að þeir deili því jafnt. Medvedev reyndi þó að taka af öll tvímæli um þetta í viðtali við BBC:

Ég er leiðtogi þessa ríkis, ég er þjóðhöfðingi þessa ríkis og skipting valdsins endurspeglar það.”⁸³

⁸¹ Shinman, (1999).

⁸² Ársskýrsla Human Rights Watch 2009 (e.d).

⁸³ Reuters, (mars, 2009)

6. Mannréttindi eftir fall Sovétríkjanna

Rússland hefur staðfest alla helstu mannréttindasáttmála alþjóðasamfélagsins, þar á meðal mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna, Alþjóðlega sáttmálann um borgaraleg og stjórnámaleg réttindi, Alþjóðlega sáttmálann um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og evrópska samkomulagið um mannréttindi. Samkvæmt stjórnarskrá landsins frá 1993 hafa þessi alþjóðlegu lagatæki forgang yfir innlenda löggjöf. Stjórnarskráin tryggir einnig jöfn réttindi og frelsi fyrir alla borgara rússneska samveldisins.⁸⁴

Í skýrslu sem Evrópuráðið lét gera um ástand mannréttinda í Rússlandi hrósaði höfundur hennar landinu fyrir stórar breytingar til hins betra sem hefðu orðið eftir fall Sovétríkjanna og þrátt fyrir að lýðræðið þar sé langt í frá fullkomið sé ekki hægt að afneita tilveru þess eða sigrum.⁸⁵ Því er þó ekki hægt að neita að á seinustu árum hefur stór hluti þeirra mála sem Mannréttindadómstóll Evrópu tekur fyrir verið frá Rússlandi.⁸⁶

6.1 Réttarkerfið

Árið 1992 ákvað þáverandi ríkisstjórn Rússlands að umfangsmikilla aðgerða væri þörf til að endurbæta dómskerfið. Það var hinsvegar ekki fyrr en í júní 2001 sem að ráðist var í þessar breytingar. Almennt var viðurkennt að hugarfarsbreytingar væri fyrst og fremst þörf en leifar hins sovéska réttarkerfis voru ennþá að miklum hluta til staðar. Í árdaga Sovétríkjanna hafði Kommúnistaflokkurinn ekki haft mikil not fyrir löggjöf eða rétti og því var slíku apparati að mestu fleygt fyrir róða. Eftir því sem hið sovéska kerfi þróaðist var réttarkerfið að nokkru leyti sótt aftur en öðlaðist ekki aftur fyrri virðingu þar sem það var algjörlega undir hælnum á stjórnvaldinu og flokknum. Í reynd var hugtakinu löggjöf oft á tíðum ruglað saman við hugtakið hegningarlög og á endanum runnu þau tvö saman í eitt í hugum sovésks

⁸⁴ Stjórnarskrá Rússneska Sambandsríkisins (e.d), (1993).

⁸⁵ Gil-Robles, (2004).

⁸⁶ European Court of Human Rights, (e.d).

almennings. Og í reynd sátu dómara ekki einu sinni í leiðtogasæti þegar kom að glæparétti heldur réðu lögregla og saksóknarar yfirleitt ferðinni. Það þarf svo sem ekkert að koma á óvart að almenn löggjöf og hegningarlög hafi runnið saman í eitt því að í reynd var frekar lítið um borgaralega eða viðskipta-löggjöf; það var einfaldlega ekki eftirspurn eftir slíku hjá stjórnvöldum. Eðlilega gerði þetta viðhorf lögfræðistéttina ekki mjög eftirsóttá. Mikill meirihluti lögfræðimenntaðra manna varð saksóknarar eða rannsóknarlögreglumenn. Dómarastöður voru óvinsælar og illa borgaðar. Í orði var kosið í þær en í raun var valið í stöðurnar af Kommúnistaflokki.⁸⁷

Eftir fall Sovétríkjanna þurfti að umbylta allri löggjöf Rússlands. Þær endurbætur hófust árið 1993 og standa í reynd ennþá yfir. Hugarfarsbreytingin gengur hægt og erfiðlega. Meðal stærstu vandamálanna er skortur á ungum lögfræðingum. Lögfræðingum sem ekki voru menntaðir á tímum Sovétríkjanna og sem hafa lært nýju lögin og skilja þau. Ekki bætti úr skák að skortur var á menntastofnunum sem kenndu lögfræði. Þetta hefur þó lagast með árunum. Annað sem þurfti að breytast var staða dómara. Nauðsynlegt var að gera dómaraembættið sjálfstætt frá stjórnvaldinu, þá sérstaklega til þess að vekja upp traust hjá almenningi. Ennfremur lágu fangelsismál Rússlands undir miklu ámæli á tíunda áratug síðustu aldar af bæði fjölmiðlum og alþjóðlegum mannréttindasamtökum. Tafir á málsmeðferð ollu því að gæsluvarðhöld lengdust fram úr hófi. Gæði fangelsa voru langt undir alþjóðlegum kröfum og mannréttindasamtök áætluðu að u.þ.b 11.000 fangar létust árlega, flestir vegna sjúkdóma og skorti á læknishjálp.⁸⁸

Amnesty International hefur lýst yfir áhyggjum af réttarkerfinu í Rússlandi á seinastliðnum árum. Samtökin segja að víðtæk spilling viðgangist í kerfinu og grafi undan trausti almennings. Einnig eru uppi ásakanir um að réttarferlið stangist á við alþjóðasamþykktir um sanngjörn réttarhöld og að í sumum tilvikum, sérstaklega ef að málið hefur eitthvað með stjórnsmál að gera, jaðri meðferð á sakborningum við

⁸⁷ Gil-Robles, (2004).

⁸⁸ Gil-Robles, (2004).

ofsóknir. Einnig hafa mannúðarsamtök áhyggjur af því að stjórnvöld eigi auðvelt með að ráðskast með dómskerfið.⁸⁹ Samkvæmt rússnesku stjórnarskránni eru æðstu dómarnir skipaðir í embætti af Sambandsráðinu eftir tilnefningu forsetans. Í bók sinni Rússland Pútíns skýrði Anna Politkovskaya frá því hvernig dómara sem neituðu að fylgja skipunum að ofan sættu árásum og brottrekstrum úr starfi.⁹⁰

6.2 Pólitískar ofsóknir og morð

Á þessum áratug hefur enn á ný færst í aukana að rússnesk stjórnvöld saki baráttufólk fyrir mannréttindum og meðlimi stjórnarandstöðuna andurtekið um að „agítera“ fyrir erlendum hagsmunum og að vera „and-rússnesk“. Margt af þessu fólki mátti þola áreitni og þvinganir. Enn aðrir hafa verið sóttir til saka fyrir litlar sakir eins og að nota niðurhalaðan tölvuhugbúnað eða að hafa hvatt til haturs. Eftirfarandi eru aðeins nokkur dæmi um slíkar ofsóknir.

Í febrúar 2007 var Stanislav Dmititrievski dæmdur í tveggja ára fangelsi með skilorði til fjögurra ára fyrir að „ala á kynþáttahatri“ eftir að hann birti greinar eftir leiðtoga téténskra aðskilnaðarsinna. Áhugahópurinn sem hann var í forsvari fyrir: Rússnesk-téténska vinafélagið var gert að hætta starfsemi. Í janúar árið eftir staðfesti hæstiréttur dóminn.⁹¹

Árið 2008 var Oleg Orlov, yfirmanni Mannréttindasamtakanna Memorial og þremur fréttamönnum frá rússneskri sjónvarpstöð rænt af vopnuðum mönnum með grímur. Þau voru stödd á hóteli í Ingushetia-sjálfstjórnarlýðveldinu, þar sem þau dvöldu meðan þau sögðu fréttir frá mótmælum gegn lögregluofbeldi. Samkvæmt vitnisburði þeirra voru þau lamin og þeim hótad lífláti áður en ræningjarnir keyrðu þau út á víðavang þar sem þau voru skilin eftir.⁹²

⁸⁹ Ársskýrsla Amnesty International 2009, (e.d).

⁹⁰ Politkovskaya, (2004).

⁹¹ Ársskýrsla Amnesty International 2008, (e.d).

⁹² Ársskýrsla Amnesty International 2008, (e.d).

Tugir blaðamanna og mannréttindafrömuða hafa verið myrt á seinustu áratugum í Rússlandi. Mestur hluti þessara morðmála er enn óleystur.

Ekki er hægt að ræða um morð á rússneskum blaðamönnum án þess að minnst á rússnesku blaðakonuna Önnu Politkovskaju sem var myrt í anddyri blokkarinnar þar sem hún bjó í Moskvu þann 7. október 2007. Meira en líklegt er talið að hún hafi verið myrt vegna hugrakkra skrifa sinna um stríðið og mannréttindabrot í Téténíu en um það málefni hafði hún fjallað í 9 ár og unnið fjöldamörg verðlaun fyrir. Hún hafði einnig fjallað ötullega um ofbeldi innan hersins, spillingu stjórnvalda og lögregluofbeldi. Vegna beittrar gagnrýni sinnar hafði hún áður mátt þola mikið áreiti og ógnanir bæði frá rússneskum og tétenskum stjórnvöldum. Morðið á henni er enn óleyst og sá grunaði er talinn hafa flúið land.⁹³

Þann 19. janúar 2009 var Stanislav Markelov, frægur mannréttindalögfræðingur skotinn til bana um hábjartan dag úti á götu í Moskvu. Anastasia Baburova, blaðakona sem var með honum í för, var einnig myrt. Markolev hafði tekið að sér að verja fórnarlömb mannréttindabrota í Téténíu. Tveir menn voru ákærðir fyrir morðið.⁹⁴

Um sumarið 2009 var þremur aðgerðasinum rænt og þeir myrtir í Téténíu. Natalía Estemirova, leiðandi mannréttindafrömuður hjá Memorial áhugahópnum, var rænt í höfuðborginni Grosní og lík hennar fannst seinna sama dag. Mánuði síðar var Zaremu Sadulayevu og eiginmanni hennar Alik Dzabrailov rænt af skrifstofu Save the Generation mannúðarsamtökunum þar sem þau unnu. Þau fundust myrt daginn eftir. Lögreglan á svæðinu hefur verið bendluð við morðin á Zaremu og Akil og ekki er hægt að útiloka að þau tengist einnig morðinu á Natalíu.⁹⁵

Þann 31. ágúst 2009 lést Magomed Evolev, áberandi stjórnarandstæðingur og eigandi óháðrar vefsíðu, af áverkum sem hann fékk meðan honum var haldið í lögreglubíl á

⁹³ „Her own death foretold“, (2006).

⁹⁴ Ársskýrsla Human Rights Watch 2009, (e.d).

⁹⁵ Ársskýrsla Human Rights Watch 2009, (e.d).

flugvelli í Ingushetia. Opínberlega var dánarorsök hans sögð vera vanræksla og beiðni starfsfélaga hans og lögfræðings þeirra um að mál hans verði rannsakað sem morð biður ennþá afgreiðslu.⁹⁶

6.3 Mál- og fjölmiðlafrelsi

Amnesty International hefur gagnrýnt málfrelsi í Rússlandi í ársskýrslu sinni frá 2007. Að þeirra sögn þegar þremur lögum var breytt í apríl á því ári. Að sögn stjórnvalda áttu breytingarnar að bæta skráningarferli opinberra samtaka (eins og mannréttinda- og umhverfissamtaka) en í reynd gerðu þær stjórnvöldum auðveldara að fylgjast með aðgerðum og styrkjum til þessarra samtaka. Breytingar á lögum frá 2002 um öfgasinnað framferði víkkaði til muna skilgreininguna á hvað teldist öfgasinnað, gerði opinbera réttlætingu á hryðjuverkum og rógburði á stjórnvöld refsiverð auk þess að hóta því að hamla og refsa fyrir aðgerðir gagnrýnenda stjórnvalda.⁹⁷ Árið 2008 versnaði afstaða stjórnvalda gagnvart málfrelsi, sérstaklega eftir því sem nær dró þingkosningunum sem haldnar voru það ár. Mikið af fólk, einkum blaðamenn, voru sett stuttlega í varðhald í kjölfar mótmæla og margir voru ákærðir og dæmdir brot á stjórnvaldslögum í réttarhöldum sem stóðust ekki ávallt alþjóðasamninga. Talað er um að lögreglan hafi notað ótæpilegt vald við að tvístra mótmælum skipulögðum af stjórnarandstöðunni og aðgerðasinnnum andsnúnum stjórnvöldum. Eftir mótmæli í St. Pétursborg í apríl þurfti fjöldi fólks að leita læknishjálpar.⁹⁸

Aðför hefur verið gerð að fjölmiðlafrelsi í Rússlandi á seinustu árum. Sterk fjölmiðlalög voru sett árið 1991 í anda glasnost hreyfingarinnar. Lögin tryggja í orði málfrelsi allra fjölmiðla í landinu og eiga að veita blaðamönnum réttindi og vernd til að geta sinnt störfum sínum óárettir. Nærri 20 árum síðar eru þessi lög helsta lagatækið þegar kemur að fjölmiðlum. Reglulega hafa þó heyrst raddir í þinginu sem kalla eftir breytingum á þessum lögum. Lagabreytingarnar sem nefndar voru hér að ofan og tóku til öfgasinnaðs framferðis gerðu stjórnvöldum kleift að þagga niður þær

⁹⁶ Ársskýrsla Amnesty International 2009, (e.d).

⁹⁷ Ársskýrsla Amnesty International 2007, (e.d).

⁹⁸ Ársskýrsla Amnesty International 2008, (e.d).

fréttir sem að þeirra mati stönguðust á við lög. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gagnrýndi meðal annars lagabreytingarnar og sagði skilgreininguna á hvað væri öfgasinnað vera of víða og engin ákvæði væru um skyldur stjórnvalda að vernda mannréttindi.⁹⁹

Árið 2009 settu Fréttamenn án landamæra Rússland í 153 sæti af 175 á lista World Press Index¹⁰⁰. Amnesty International hefur tilkynnt um atvik þar sem þjarmað hefur verið að blaðamönnum og þeim hótað með ákærum og réttarhöldum auk líkamsmeiðinga. Milli 1992 og 2008 voru 47 blaðamenn drepnir í Rússlandi fyrir störf sín. 30 voru myrtir í valdatíð Jeltsíns og restin var myrt í valdatíð Pútíns. Auk þessa má telja hundruði líkamsárása og tugi árása á ritstjórnarskrifstofur.¹⁰¹ Árið 2007 var tilkynnt um 75 líkamsárásir á blaðamenn.¹⁰²

Í skýrslu sinni frá 2004 benti umboðsmaður mannréttinda hjá Evrópuráðinu á hina brýnu nauðsyn þess að vernda sjálfstæði fjölmiðla gagnvart stjórnvöldum. Það væri best gert með því að vernda fjölmiðlalögin frá 1991 og andann sem þau voru sett í. Lýðræðisvæðing Rússlands gæti haldið áfram einungis ef frjálsri, fjölbreyttri og hágæða fjölmiðlun væri haldið úti.¹⁰³

6.4 Frelsi til að koma saman og mynda félag með öðrum

Í rússnesku stjórnarskránni frá 1993 er rétturinn til að koma saman tryggður í 31. grein.¹⁰⁴

Milli 1991 og 2004 höfðu stjórnvöld taumhald á mótmælum og mótmælendum í gegnum nokkrar tilskipanir, sú fyrsta var gefin út af yfirsovétinu árið 1988 og var svo ítrekuð með forsetatilskipunum árin 1992 og 1993. Árið 2004 voru svo sett lög um

⁹⁹ Gil-Robles, (2004)

¹⁰⁰ Á hverju ári setja Fréttamenn án Landamæra upp lista þar sem löndum er raðað upp eftir því hversu mikið fjölmiðlafrelsi ríkir í þeim. Löndin sem lenda neðarlega á listanum eru löndin þar sem lítið fjölmiðlafrelsi er.

¹⁰¹ Ársskýrsla Amnesty International 2008, (e.d).

¹⁰² Ársskýrsla Amnesty International 2007, (e.d).

¹⁰³ Gil-Robles, (2004)

¹⁰⁴ Stjórnarskrá Rússlands (e.d).

mótmæli, fjöldafundi, kröfugöngur og verkfallsverði. Lögin kveða á um að ef búist sé við því að samansöfnuður á almannafæri feli í sér fleiri en eina manneskju beri skipuleggjendum að tilkynna viðburðinn til stjórnvalda með nokkurra daga fyrirvara. Lögin kveða ekki á um að stjórnvöld þurfi að gefa út sérstök leyfi fyrir slíkum samkomum og þar af leiðandi er ekki að sjá að stjórnvöld hafi rétt til að banna slíkt nema samkoman ógni öryggi þátttakenda eða eigi sér stað á vettvangi sem gæti talist hættulegur. Einnig er hægt að banna fólki að safnast saman nálægt söguminjum eða öðrum menningarverðmætum.¹⁰⁵

Amnesty International segir að stjórnvöld nýti sér þetta rúm sem lögin gefa þeim til að banna margar mótmælasamkomur, sumar vægast sagt ómaklega. Friðsamir mótmælendur séu oft handteknir þrátt fyrir að hafa farið að lögum og tilkynnt fyrirætlanir sínar til yfirvalda. Gjarnan séu mótmælendur settir í varðhald á leið sinni til að mótmæla t.d. nokkrir andstæðingar hnattvæðingar er voru handteknir á leið sinni til St. Pétursborgar þar sem þeir ætluðu að mótmæla á meðan leiðtogar G8 ríkjanna komu saman. Amnesty International hefur einnig greint frá því að lögreglan hafi gengið of langt í tilraunum til að dreifa yfir 500 körlum, konum og börnum sem höfðu safnast saman til að mótmæla spillingu í Dagestan héraði í apríl 2007. Einn lést og að minnsta kosti tveir særðust alvarlega.¹⁰⁶

Pegar Dmitri Medvedev var settur inn í embætti árið 2009 voru nokkrir handteknir fyrir þáttöku í friðsamlegum mótmælum gegn stjórnvöldum. Seinna sagði skrifstofa saksóknara í Moskvu að bannið við þeim mótmælum hefði verið ólöglegt.¹⁰⁷

Yfirvöld í Rússlandi eru einnig ásökuð af mannréttindastofnunum um að beita sér gegn ýmsum samtökum þótt starfsemi þeirra stangist ekki á við lög. Þannig var lögunum um öfgasinnað athæfi nýlega beitt gegn forsvarsmanni samtaka er berjast fyrir réttindum samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks. Samtökunum hafði áður verið neitað um skráningu þar sem markmið þeirra þóttu miða að því að

¹⁰⁵ Gil-Robles, (2004).

¹⁰⁶ Ársskýrsla Amnesty International 2007, (e.d).

¹⁰⁷ Ársskýrsla Amnesty International 2009, (e.d).

minnka fólksfjölda í Rússlandi og meta mætti það sem ógnun við þjóðaröryggi. Fleiri samtök og áhugahópar innan Rússlands eru berskjölduð gagnvart beitingum þessara laga enda er rýmið til að túlka hvað teljist til öfgasinnaðs athæfis ansi stórt. Einnig nýta yfirvöld skattarannsóknir, brunavarna- eða vinnueftirlit, lögreglurassiur eða ákærur til að þjarma að og áreita ýmsa áhugahópa, sérstaklega ef hópurinn fær styrki frá útlöndum. Í júlí á seinasta ári fengu Kazan Human Rights Center (sem sérhæfir sig í að stöðva lögregluofbeldi) og Agora (regnhlífisamtök mannréttindasamtaka) yfir sig hrinu áreitandi rannsókna og lögsókna sem þau töldu miða að því að hindra þau í starfsemi sinni.¹⁰⁸

6.5 Téténía

Átökin á Téténíu svæðinu hafa verið áhyggjuefni mannréttindasamtaka allt frá því þau hófust árið 1994. Undir lok fyrra stríðsins árið 1996 kynnti Amnesty International skýrslu þar sem fullyrt var að gífurleg brot á mannréttindum hefðu átt sér stað á svæðinu. Talið var að 20 – 30.000 óbreyttir borgarar hefðu látið lífið í átökunum, þar af fjölmargir vegna árása Rússa á þéttbyggð íbúasvæði. Samtökin ásökuðu Rússa enn fremur um að hafa virt að vettugi alþjóðalög um vopnuð átök og verndun borgara á stríðssvæðum auk þess sem rússnesk stjórnvöld hefðu brotið gegn eigin skuldbindingum um verndun mannréttinda á stríðstímum. Samtökin sögðu að bæði menn, konur og börn hefðu orðið fórnarlömb aftaka án dóms og laga, gíslataka, pyntinga og harðræðis í fangelsum, margir hverjir hafi mátt sitja í fangelsum án réttarhalda. Einnig hafi fjöldamargir verið sendir í nokkurs konar fangabúðir þar sem þeir hafi mátt þola barsmíðar og pyndingar. Dæmi voru um að mönnum hafi verið haldið í búðunum út stríðið.¹⁰⁹ Þess ber þó að geta ekki einungis rússneskum stjórnvöldum var kennt um að hafa brotið mannréttindi. Téténskir

¹⁰⁸ Ársskýrsla Human Rights Watch 2009, (e.d).

¹⁰⁹ Amnesty International, (1996).

aðskilnaðarsinnar voru einnig ásakaðir um að ræna fólki í þeim tilgangi að krefjast lausnargjalds.¹¹⁰

Í seinna stríðinu í Téténíu sem hófst 1999 skráði Memorial stofnunin í Rússlandi niður um 150 dæmi verið skráð um fólk sem „hvarf“ beinlínis á meðan það var í vörslu rússneska hersins. Raunverulegur fjöldi var þó talinn vera miklu hærri. Þessi mannhvörf voru stærsta mannréttindavandamál þessa tímabils í Rússlandi. Þrátt fyrir að bein átök væru að mestu leyti hætt milli rússneska hersins og téténskra uppreisnarmanna héldu mannhvörfin áfram og þannig þróaðist stríðið frá beinum vopnuðum átökum yfir í það sem Human Rights Watch nefndi „skítugt stríð“ þar sem brot á mannréttindum varð þungamiðjan í staðinn fyrir hertöku og landvarnir. Rannsóknir á þessum mannhvörfum voru gerðar með hangandi hendi og án árangurs. Í flestum tilvikum virðist fólk hafa verið tekið höndum af hernum, lögreglunni eða öryggissveitum hvort heldur sem er í heraðgerðum, við öryggisstöðvar eða markvissum leitaraðgerðum. Eftir hina upprunalegu handtöku vritist sem öll ummerki um hinn handtekna hefðu verið þurrkuð út. Oft var þrætt fyrir að handtakan hefði átt sér stað, stundum var handtakan viðurkennd en ennfremur sagt að viðkomandi hefði verið látinn laus eða sendur annað. Ættingjar sem leituðu horfinna ástvina fengu lítil sem engin svör og afneitanirnar og mótsagnakenndir framburðir juku bara á ringulreiðina og angistina sem þeir upplifðu.

Einn þeirra orðaði þetta sem svo:

„[Þeir segja mér að] ,okkar fólk tók hann ekki,‘ ,GRU tók hann ekki,‘ ,MVD tók hann ekki‘. Það er engu líkara en að geimverur hafi komið og rænt syni mínum.“¹¹¹

Árið 1992 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu Þjóðanna Yfirlýsinguna um vernd fyrir alla einstaklinga frá þvinguðum mannhvörfum sem viðurkennir það að mannhvarf er brot á réttindum til sanngjarnar málsmeðferðar, til frelsis og öryggis

¹¹⁰ Amnesty International, (1995).

¹¹¹ Human Rights Watch, (2001).

hvers einstaklings og til frelsis frá pyntingum. Yfirlýsingin skilgreinir þá iðju að láta fólk kerfisbundið hverfa sem glæp gegn mannkyni. Ennfremur hvetur yfirlýsingin ríki til þess að rækja habeas corpus og aðra sanngjarna málsmeðferð, tryggja aðgang að fangelsum og halda skrá yfir alla fanga. Ennfremur er hvatt til óhlutdrægra rannsókna á mannhvörfum og að þeir seku verði dregnir til ábyrgðar. Rússnesk yfirvöld hafa svikist undan þessari ábyrgð. Þeir hafa ekki lagt rannsóknum til nauðsynlegan mannafla eða fjármuni né lagt hart að viðeigandi embættum að sjá um þær.¹¹²

Árið 2005 dæmdi Mannréttindadómstóll Evrópu að Rússland hefði framið alvarleg brot í Téténíu, þar á meðal pyntingar og aftökur án dóms og laga. Brotin vorðu við grein evrópska sáttmálans um mannréttindi sem tryggði rétt til lífs.¹¹³

Enn þann dag í dag virðast brot á mannréttindum vera daglegt brauð á þessu svæði. Í skýrslu sinni á seinasta ári lýsti Amnesty International yfir áframhaldandi áhyggjum af ólögum handtökum, pyntingum og harðræði og aftökum án dóms og laga. Sjálfstæðir blaðamenn, fjölmiðlar og áhugasamtök hafa sett áreitni fyrir að skýra frá mannréttindabrotum þarna. Í júní í fyrra ákvað þing Evrópuráðsins að halda áfram að fylgjast með ástandinu á þessu svæði.¹¹⁴

6.6 Kvenréttindi

Í skýrslu mannréttindanefndar Evrópuráðsins kemur fram að staða kvenna í rússnesku samfélagi sé almennt góð og sé það í samræmi við þróunina á seinni tímum Sovétríkjanna. Stjórnarskráin tryggir jafnrétti óháð kynferði og lög sem sett voru árið 2003 leggja áherslu á jafnrétti og jöfn tækifæri fyrir bæði kynin. Hinsvegar lítur út fyrir að þrátt fyrir fögur fyrirheit hafi þau ekki endurspeglast yfir í daglegt líf. Konur eru ekki fulltrúar til jafns við karla í mörgum ábyrgðarstöðum og mikið bil er á milli launa karla og kvenna. Konur þéna 71% af launum karla fyrir sömu stöður.

¹¹² Human Rights Watch, (2001).

¹¹³ BBC News, (febrúar, 2005).

¹¹⁴ Ársskýrsla Amnesty International 2009, (e.d).

Að auki hefur konum verið bannað að vinna ákveðin störf vegna þess að störfín eru talin of hættuleg eða ekki samræmast móðurhlutverkinu. Atvinnuleysi er mikið meðal kvenna og það fer hækkandi, það hlutfall kvenna sem lifir í fátækt og horfist í augu við mikil félagsleg vandamál.¹¹⁵

Ofbeldi gagnvart konum er þó alvarlegasta vandamálið sem þessi minnihlutahópur býr við. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að heimilisofbeldi er frekar algengt í Rússlandi jafnvel þótt að afar smár hluti þess sé tilkynnt. Félagsleg vandamál eins og alkóhólismi og eiturfjandrotkun gera illt verra. Opinberar tölur gefa til kynna að u.þ.b 14.000 konur deyji árlega af völdum heimilisofbeldis. Áhugasamtök áætla að u.þ.b 36.000 konur séu beittar ofbeldi af eiginmönnum sínum eða öðrum fjölskyldumeðlimum á hverjum degi.¹¹⁶

Umboðsmaður mannréttindanefndar Evrópuráðsins lýsir yfir miklum áhyggjum af þessari þróun og segir yfirvöld ekki hafa brugðist við vandanum sem sé mjög alvarlegur. Fyrir það fyrsta viðrist ekki vera til nein lagaleg skilgreining á heimilisofbeldi. Ennfremur virðast laganna verðir ekki taka slíkar tilkynningar alvarlega og álíta að heimilisofbeldi sé eitthvað sem sé best útkljáð á milli manns og konu. Inngrip af einhvers konar tagi væri tilgangslaust.¹¹⁷ Amnesty International tekur undir þetta og segir að þótt embættismenn viðurkenni vandann þá sé stuðningur fyrir fræðslumiðstöðvar og símaver nánast enginn. Það eru færri en 20 skýli í öllu landinu fyrir konur sem þurfa a flýja heimili sín.¹¹⁸

6.7 Önnur mál

6.7.1 Réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks

Árið 1993 var kynlíf milli karlmannna gert löglegt. Nokkrum mánuðum eftir lagasetninguna var þó ekki enn búið að sleppa öllum þeim sem höfðu verið fangelsaðir þegar athæfið var ólöglegt. Lögleiðing samkynhneigðar var að stærstum

¹¹⁵ Gil-Robles, (2004).

¹¹⁶ Gil Robles, (2004).

¹¹⁷ Gil-Robles, (2004).

¹¹⁸ Árskýrsla Amnesty International 2009, (e.d).

hluta fyrir tilstilli pressu Evrópuráðsins. Jeltsín skrifaði undir lögina á sínum tíma en hvorki hann né nokkur annar í þinginu hafði áhuga á réttindum samkynhneigðra.¹¹⁹

Árið 1999 var samkynhneigð loks tekin af lista yfir geðveilir.¹²⁰ Hins vegar hefur hómófóbíu vaxið fiskur um hrygg sá síðastliðnum árum. Yfirlýsingar trúarleiðtoga meðal annars frá rétttrúnaðarkirkjunni og aðgerðir þjóðernissinna virðist gjarnan vera beint að samkynhneigðum. Nokkrir meðlimir þingsins reyndu árið 2003 að gera samkynhneigð aftur ólöglega en frumvarp þeirra hlaut ekki brautargengi. Árið 2006 urðu nokkrir meðlimir LGBT samfélagsins í Moskvu fyrir alvarlegum árásum og mótmælt var fyrir utan samkomustaði þeirra. Lögreglan var svífasein í að bregðast við árásunum og mótmælunum en lét þó tilleiðast eftir háværar kvartanir. Það sama ár var Gay Pride gangan bönnuð og borgarstjórinn Yuri Luzhkov og nokkrir trúarleiðtogar gagnræyndu gönguna og samkynhneigð opinberlega. Bannið var kært til dómstóla í Moskvu en þeir staðfestu það.¹²¹

6.7.2 Trúfrelsi

Rússland er fjölmenningslegt land þó að stór meirihluti tilheyri rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni eða 61%. 12% landsmanna eru múslímar en einnig eru gyðingar 1% og kaþólikkar einnig 1%. Stjórnarskráin tryggir að trúfrelsi ríki í landinu og öll trúarsamfélög séu jöfn fyrir lögunum.¹²²

Í skýrslu umboðsmanns mannréttinda hjá Evrópuráðinu kemur fram að það hafi vakið með honum aðdáun hversu mikil vakning hafi orðið hjá öllum trúarbrögðum á seinasta áratugi seinustu aldar og að sú grein stjórnarskrárinnar sem tryggir trúfrelsi sé víðast hvar virt af öllum stigum stjórnkerfisins. Hins vegar kemst hann í örlitla mótsögn við sjálfan sig þegar hann segir síðar í skýrslunni að hann hafi rekist á nokkur vandamál hvað varðar trúfrelsi í Rússlandi, þar á meðal mismunun gagnvart litlum trúarhópum eins og Vottum Jehóva. Þeim er víðast hvar gert ómögulegt að

¹¹⁹ Gil-Robles, (2004).

¹²⁰ Gil-Robles, (2004).

¹²¹ Ársskýrsla Amnesty International 2007, (e.d)

¹²² Gil-Robles, (2004).

skrá sig sem trúfélag. Einnig virðist sem kaþólikkum sé ekki gert jafn hátt undir höfði og öðrum viðurkenndum trúfélögum.¹²³

Vert er að hafa í huga að löggjöf Jeltsíns frá 1997 um samvisku- og trúfrelsi gera að miklu leyti upp á milli trúfélaga og skildu flest öll eftir hangandi í lausu lofti fyrir utan kristni, islam, gyðingdóm og búddisma. Í stuttu máli þá var það komið undir staðbundnum yfirvöldum hverju sinni hvaða trúfélög öðluðust lagalega stöðu hverju sinni. Frægt er dæmið um það þegar Hjálpræðisherinn fékk ekki skráningu í Moskvu og var því borið við að samtökin væru hersamtök hvers starfsmenn gengju í einkennisbúningum og bæru titla. Stjórnvöldum gæti stafað hætta af slíku.¹²⁴

Rússneska blaðakonan Anna Politkovskaya skrifaði um dæmi þess að múslímar væru ofsóttir og jafnvel myrtir af rússneskum lögreglumönnum í Norður-Kákasus héraðinu.¹²⁵

¹²³ Gil-Robles (2004).

¹²⁴ McFaul, Petrov og Ryabov (2004).

¹²⁵ Politkovskaja, (2004).

7. Niðurstöður

Á tíunda áratugnum horfðu Rússar upp á mestu þjóðfélagsbreytingar, bæði pólitískar, félagslegar og efnahagslegar, sem landið hafði nokkurn tímann gengið í gegnum. Rússland tókst á við sársaukafull umskipti frá miðstýringu yfir í markaðshagkerfi og á sama tíma færðist landið frá lokuðu alræðisstjórnarfari í átt að lýðræði. Um miðjan áratuginn hafði fjölmiðlum verið fært aukið frelsi eftir að hafa hangið í ól stjórnvalda um árabil. Hin gömlu lögmál stjórnkerfisins höfðu verið endursköpuð í nýju lýðræðislegu ljósi. Umtalsverðar lagaumbætur voru gerðar og ekki var vanþörf á eftir fall kommúnismans. Þessar lagaumbætur fólu í sér verndun ýmissa grundvallarmannréttinda en það má þó deila um hvort þær hafi verið gerðar gagnert til að bæta úr mannréttindum í ljósi þess að þær voru gerðar undir vökulu auga Evrópuráðsins. Ef ráðið hefði ekki séð um eftirlitið hefðu umbæturnar verið jafn viðtækar eins og raun bar vitni?

Og umbæturnar virðast alltaf reynast betur í orði en í bordi. Hin 17 ára gamla stjórnarskrá Rússa og löggjöfin sem fylgdi í kjölfar hennar reyndist skammgóður vermir fyrir fólk sem bjóst við að geta mótmælt, iðkað trú sína eða fengið sanngjarna meðferð í réttarkerfinu. Ekkert af þessu virðist sjálfgefið í Rússlandi nútímans. Eftir stutt tímabil lýðræðisvæðingar og umbóta undir áhrifum glasnost-stefnu Gorbatsjev virðist sem það fjari undan lýðræðinu og virðing fyrir mannréttindum sé aftur komin til jafns við það sem hún var á tímum Sovétríkjanna. Og hallað hefur enn frekar undan fæti eftir að Pútín og seinna Medvedev tóku við forsetaembættinu. Á meðan Jeltsín sýndi af sér sambland af hroka og kæruleysi gagnvart verndun mannréttinda hefur Pútín blátt áfram verið fjandsamlegur. Smám saman hefur hann kynnt nýjar stefnur, reglur og lagagerðir sem beinlínis draga úr gagnsæi og valdi borgaralegs samfélags. Hinar hefðbundnu stofnanir lýðræðis eru til staðar en dregið hefur úr raunverulegum, lýðræðislegum ásetningi þeirra. Pútín hefur kerfisbundið veikt eða eytt öllu sem hindrar algert vald forsetaembættisins en að sama skapi styrkt getu ríkisvaldsins til að brjóta á stjórnarskrárbundnum réttindum einstakra borgara.

Það er ekki hægt að ganga svo langt að segja að almenningur hafi haft það betra undir stjórn kommúnista en þegar maður ber saman stjórnarskrár Sovétríkjanna og Rússlands má draga sorglegar ályktanir. Stjórnarskrár Sovétríkjanna reyndu ekki að vera aðrar en þær voru; Sovétríkin tryggðu ekki frelsi borgara sinna. Hugmyndafræði Sovétríkjanna gerði ráð fyrir að borgurum væri tryggt atvinna, matur, húsnæði og menntun. Og þetta var nákvæmlega það sem tryggt var í stjórnarskránni. Öll önnur réttindi voru flokkuð sem forréttindi og giltu með miklum fyrirvörum og einungis þegar Kommúnistaflokknum þóknaðist. Stjórnarskrá Rússlands á hinsvegar að tryggja allt þetta og meira til fyrir borgara sína. Ljóst er að það er langt í frá reyndin. Og deila má um hvort rússneskum borgurum sé í reynd tryggt atvinna, fæði, húsnæði og menntun eins og hugmyndafræði Sovétríkjanna lofaði forðum. Með einkavæðingu náttúruauðlinda ríkisins hefur bilið milli ríkra og fátækra aukist stöðugt og með einkavæðingu þjónustu eins og heilsugæslu og menntastofnanna er svo komið að margir Rússar hafa ekki efni á slíku lengur.

8. Lokaorð

Saga Rússlands er saga öfga, mikilla átaka og umróts. Engin þjóð gæti komist óskemmd frá slíku. Þrátt fyrir mikla misskiptingu auðs þá er Rússland mjög ríkt land og hefur tækifæri til að hlúa að öllum. Vonandi eru þau mannréttindabrot sem eru framin daglega í landinu og einræðistilburðir stjórnvalda einungis enn einn sorglegi kaflinn í þroskasögu lands á leið til lýðræðis en ekki upphafið að nýju alræðisríki. Alþjóðasamfélagið ber líka ábyrgð á því hvernig til tekst. Það má ekki horfa fram hjá mannréttindabrotum, þau varða okkur öll.

9. Heimildaskrá

A country study: Soviet Union (former). (e.d). *The Library of Congress*. Sótt 10. desember 2010 af <http://lcweb2.loc.gov/frd/cs/sutoc.html#su0248>

Academy of Achievement. (e.d.). *Mikhail S. Gorbachev: Glasnost, Perestroika and Leadership*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://www.achievement.org/autodoc/page/gor0bio-1>

Amnesty International. (1998, febrúar). *Amnesty International welcomes reform of the OSCE's human dimension implementation review process*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://www.amnesty.org/en/library/asset/EUR01/001/1998/en/a18e1673-e80f-11dd-8472-79c56f609935/eur010011998en.pdf>

Amnesty International. (e.d.). *Document – Russian Federation: Armed conflict in the Chechen Republic: Seeds of human rights violations sown in peacetime*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://www.amnesty.org/en/library/asset/EUR46/010/1995/en/2b8eef7c-eb58-11dd-9173-571c5dd871b8/eur460101995en.html>

Amnesty International. (e.d.). *Document – Russian Federation: Brief summary of concerns about human rights violations in the Chechen Republic*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://www.amnesty.org/en/library/asset/EUR46/020/1996/en/15a954fc-eb07-11dd-aad1-ed57e7e5470b/eur460201996en.html>

Amnesty International. (e.d.). *Russia – Amnesty International report 2007: Human Rights in the Russian Federation*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://www.amnesty.org/en/region/russia/report-2007>

Amnesty International. (e.d.). *Russian Federation – Amnesty International report 2008: Human Rights in Russian Federation*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://www.amnesty.org/en/region/russia/report-2008>

Amnesty International. (e.d.). *Russian Federation: Human Rights in Russian Federation.*

Sótt 11. desember 2010 af:
<http://www.amnesty.org/en/region/russia/report-2009>

Árni Helgason. „Hvar og hvenær voru fyrstu lögin sett?“. *Vísindavefurinn* 28.5.2009.

<http://visindavefur.is/?id=47592>. (Skoðað 14.12.2010).

Bentham, J. (1789) *The Principles of Morals and Legislation.*

Chamberlain, L. (2004). *Motherland: A Philosophical History of Russia.* London: Ormond House.

Cosman, C. og Laber, J. (Ritstj.). (1991). *Glasnost in Jeopardy: Human Rights in the USSR* (A Helsinki Watch Report). BNA: Human Rights Watch.

De Boer, S.P., Driessen, E.J. og Verhaar, H.L. (1982). *Biographical dictionary of dissidents in the Soviet Union, 1956-1975.* The Hague: Martinus Nijhoff.

Eke, S. (2005, febrúar). *Russia 'committed Chechnya abuse'.* *BBC News.* Sótt 11. desember 2010 af: <http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/4295249.stm>

Encyclopædia Britannica, (e.d). *Aristotle.* Sótt af netinu þann 11. desember 2010 af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/34560/Aristotle>

Encyclopædia Britannica, (e.d). *human rights.* Sótt 12. desember 2010 af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/275840/human-rights/219326/The-content-of-human-rights-Three-generations-of-rights>

Encyclopædia Britannica, (e.d) *Latvia.* Sótt 10. desember 2010 af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/332121/Latvia>

Encyclopædia Britannica, (e.d). *Thomas Hobbes.* Sótt 11. desember 2010 af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/268448/Thomas-Hobbes>

European Court of Human Rights, (e.d.). *Country Fact Sheets 1959-2009*. Sótt 10. Desember 2010 af http://www.echr.coe.int/NR/rdonlyres/C2E5DFA6-B53C-42D2-8512-034BD3C889B0/0/FICHEPARPAYS_ENG_MAI2010.pdf

Geir Þ. Þórarinnsson. „Er til forngrískur eða rómverskur kveðskapur sem fjallar um siðspillingu manna og afleiðingar hennar, samanber til dæmis Völuspá í norræni trú?“. *Vísindavefurinn* 26.3.2009. <http://visindavefur.is/?id=17578>. (Skoðað 14.12.2010).

Gershenson, D. og Grossman, H. (2001) Cooption and repression in the Soviet Union. *Economics and Politics*. Vol 13. Sótt 13. desember 2010 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/1468-0343.00082/pdf>

Gil-Robles, A. (2005, apríl). *Report by Mr. Alvaro Gil-Robles, Commissioner for Human Rights, on his visits to the Russian Federation*. Sótt 7. desember 2010 af: https://wcd.coe.int/wcd/ViewDoc.jsp?id=846655#P1250_260019

Her Own Death Foretold. (2006. 15. október) *The Washington Post*. Sótt 9. desember 2010 af <http://www.washingtonpost.com/wp-dyn/content/article/2006/10/14/AR2006101400805.html>

Human Rights Watch. (2001, mars). *The "Dirty War" in Chechnya: Forced Disappearances, torture, and summary executions*. Sótt 7. desember 2010 af: <http://www.hrw.org/legacy/reports/2001/chechnya/index.htm#TopOfPage>

Human Rights Watch. (e.d.). *Russia: Events of 2009*. Sótt 7. desember 2010 af: <http://www.hrw.org/en/node/87531>

Hunt, L. (2007). *Inventing Human Rights: A History*. New York: W.W. Norton & Company.

Jack, A. (2005). *Inside Putin's Russia* (2. útgáfa). London: Granta Books.

Korey, W. (1998). *NGO's and the Universal Declaration of Human Rights*. New York: St. Martin's Press.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. Sótt af netinu þann 11. desember frá <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlýsing-sth/>

McFaul, M. (2001). *Russia's unfinished Revolution: Political change from Gorbachev to Putin*. Ithaca: Cornell University Press.

McFaul, M., Petrov, N. og Ryabov, A. (2004). *Between dictatorship and democracy: Russian post-communist political reform*. Washington: Carnegie Endowment.

Moscow Helsinki Group -history, (e.d) Sótt 11. Desember 2010 af <http://www.mhg.ru/english/18E4796>

Munro, R. (2000) The Soviet Case: Prelude to a Global Consensus on Psychiatry and Human Rights. *Columbia Journal of Asian Law*. Vol 15, nr. 1.

Ostalski, A. (2007, apríl). The Russia that Yeltsin left behind. *BBC News*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://news.bbc.co.uk/2/hi/6596343.stm>

Ólafur Páll Jónsson. „Hvað eru mannréttindi?“. *Vísindavefurinn* 3.6.2002. <http://visindavefur.is/?id=2453>. (Skoðað 14.12.2010).

Politkovskaja, A. (2009). *Rússland Pútíns* (Elín Guðmundsdóttir þýddi). Reykjavík: Urður bókafélag.

Reuters. (2009, mars). *Medvedev insists he's the boss*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://tvnz.co.nz/world-news/medvedev-insists-hes-boss-2595589>

Riasanovsky, N. V. og Steinberg, M. D. (2005). *A History of Russia* (7. útgáfa). New York: Oxford University Press.

Shah, A. (2004, september). Crisis in Chechnya. *Global Issues*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://www.globalissues.org/article/100/crisis-in-chechnya>

Shiman, David (1999). *Economic and Social Justice: A Human Rights Perspective*. Amnesty International.

Stjórnarskrá Rússneska Sambandsríkisins, (e.d). Sótt 10. desember 2010 af <http://www.departments.bucknell.edu/russian/const/constit.html>

U.S. Department of State. (2001, febrúar). *Russia: Country Reports on human Rights Practices*. Sótt 11. desember 2010 af: <http://www.state.gov/g/drl/rls/hrrpt/2000/eur/877.htm>